

An aerial photograph of a snowy mountain landscape. A narrow, winding path made of wooden planks leads up a steep, snow-covered slope. Several hikers in colorful winter gear are seen walking along the path. The surrounding terrain is rugged and covered in snow, with some brown patches of earth or vegetation visible.

HEILINDI FRAMSÆKNI FAGMENNSKA

Ársskýrsla 2024



ALMENNÍ
LÍFEYRISJÓÐURINN



Starfsemi og rekstur

Starfsemi Almenna	4
Aðgengilegur og upplýsandi vefur	5
Yfirsýn og aðgerðir	6
Árið í máli og myndum	7
Stjórn og endurskoðunarnefnd	8
Starfsfólk og skrifstofa	9
Tryggingafræðileg staða	11
Hagstæð lífeyrisréttindi	12
Rekstrarkostnaður	13
Lán til sjóðfélaga	14
Lífeyrisgreiðslur	15

Ávöxtun og fjárfestingar

Ávöxtunarleiðir	17
Ávöxtun 2024	18
Fjárfestingarumhverfið 2024	19
Fjárfestingastefna	20
Sjálfbærni í fjárfestingum	21
Eignasamsetning	22
Innlend skuldabréf	23
Innlend hlutabréf	24
Erlendar eignir	25
Erlend hlutabréf	26
Erlend skuldabréf	27
Tíu stærstu útgefendur skuldabréfa	28
Tíu stærstu útgefendur hlutabréfa	29

Ársreikningur

Skýrsla stjórnar	31
Áritun óháðs endurskoðanda	35
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	38
Efnahagsreikningur	39
Sjóðstreymisyfirlit	40
Yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu samtryggingarsjóðs	41
Efnisyfirlit skýringa	48
– Áhættustýring og umfang áhættu	68
– Kennitölur	74
Selected Financial Information	83

Fylgiskjöl

Útdráttur úr fjárfestingarstefnu 2025	98
Útdráttur úr áhættustefnu	102
Stjórnarháttayfirlýsing 2024	104
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	108

Flýtihnappar:

Fara í efnisyfirlit:




Fara á fyrri síðu:

Fara á næstu síðu:

Starfsemi og rekstur



Starfsemi Almenna



Eignir 477 milljarðar

Heildareignir Almenna lífeyrissjóðsins voru 477 milljarðar króna í árslok 2024 og stækkaði sjóðurinn um 62 milljarða á árinu eða um 14,9%. Sjóðfélagar í árslok voru 63.414.

Almenni

Almenni lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn er öllum opinn en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, hljómlistarmanna og tæknifræðinga. Lífeyrissjóðir þessara stétta hafa sameinast Almenna lífeyrissjóðnum og greiða félagar þeirra lágmarksiðgjöld í hann. Sjóðurinn hentar líka þeim sem geta valið í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða lágmarksiðgjaldið og einnig þeim sem vilja greiða viðbótariðgjöld í lífeyrissjóð til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum.

Iðgjald

Lágmarksiðgjald í Almenna lífeyrissjóðinn er 15,5% af launum og skiptist þannig að 7% greiðast í séreignarsjóð og 8,5% í samtryggingarsjóð. Með greiðslu í samtryggingarsjóð safna sjóðfélagar fyrir ævilöngum ellilífeyrisgreiðslum auk þess að ávinna sér rétt á örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga. Viðbótariðgjald (iðgjald umfram 15,5% af launum) er greitt í séreignarsjóð. Séreignarsjóður er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.

Forverar Almenna

Almenni lífeyrissjóðurinn samanstendur af átta lífeyrissjóðum sem hafa sameinast á mismunandi tímum. Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands er elstur þessara sjóða en hann var stofnaður árið 1965. Þeir lífeyrissjóðir sem sameinast hafa í Almenna lífeyrissjóðinn eru (stofnár í sviga): ALVÍB (1990), Lífeyrissjóður arkitekta (1967), Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga (1998), Lífeyrissjóður starfsmanna SÍF (1968), Lífeyrissjóður FÍH (1970), Lífeyrissjóður Félags leiðsögumanna (1977), Lífeyrissjóður lækna (1967) og Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands (1965).

Aðgengilegur og upplýsandi vefur

Í beinni síðan 1998



Árið 1998 hóf Almenni að birta daglegt gengi allra ávöxtunarleiða á vef sjóðsins og hefur gert síðan.

Fyrir vikið er hægt að rekja gengisþróun meira en aldarfjórðung aftur í tímann.




Myndrænt og upplýsandi

Á heimasíðu Almenna er að finna ítarlegar upplýsingar um rekstur sjóðsins og eignasöfn. Þar á meðal eru myndir af gengisþróun, eignum og fjárfestingastefnu og nafnávöxtun á ársgrundvelli.



Lánavefur

Með tilkomu lánavefs Almenna einfaldaðist til muna aðgengi sjóðfélaga að upplýsingum um sjóðfélagalán og aðgerðum sem tengjast þeim. Á vefnum er meðal annars hægt að sækja um lán, hlaða inn öllum gögnum sem viðkemur lánum, fylgjast með afgreiðslu þeirra og greiða inn á þau.



Stöðug þróun

Vefur Almenna breytist jafnt og þétt og allar breytingarnar miða að því að bæta notkun, léttu yfirbragð og miðla upplýsingum á sem aðgengilegastan hátt.


Nánar á almenni.is

Almenni leggur áherslu á að miðla upplýsingum um sjóðinn, rekstur hans og annað sem viðkemur lífeyrismálum á eins skilvirkan hátt og mögulegt er. Heimasíða Almenna er hönnuð með það fyrir augum.




Uppfærð staða

Á sjóðfélagavefnum eru upplýsingar um inneign, réttindi og lán upp færðar daglega og gefa þannig rétta mynd af stöðunni hverju sinni.



Á sjóðfélagavefnum sem er í stöðugri **þróun**, leitumst við ávallt við að halda áfram að sýna **frumkvæði** í þjónustu við sjóðfélaga. Vefnum er ætlað að veita sjóðfélögum **yfirsýn** á augabragði en opna þeim einnig leið til að kafa dýpra og **stýra** lífeyrismálum sínum.



Umsóknir	Þegarþing	Staða
Lánveiting	24.05.2024	Í vörð
Ólíffeyri	10.05.2024	Í vörð
Lánveiting	11.05.2024	Í vörð

Allar umsóknir rafrænar

Á sjóðfélagavefnum er hægt að sækja um alla þjónustu sjóðsins og fylgjast með framgangi umsókna.

Lífeyrisgáttin, réttindi í öðrum lífeyrissjóðum

Með þessum vefaðgangi er unnt að nálgast heildarréttindi í skýldutryggingu lífeyrisréttinda hjá lífeyrissjóðum. Til að fá aðgang að upplýsingunum þarf samþykki fyrir því að þeirra sé aflað. Tekið skal fram að upplýsingar um réttindi eru aðeins birtar á þinni síðu en ekki vistaðar hjá lífeyrissjóðum. Reynt er að tryggja áreiðanleika upplýsinganna en lífeyrissjóðurinn ábyrgist ekki að svo sé. Vakni spurningar um lífeyrisréttindi skal leitað til viðkomandi lífeyrissjóðs.

Ég hef kynnt mér fyrirvara og samþykki hér með að kallað sé eftir upplýsingum um lífeyrisréttindi mín úr öðrum sjóðum.

Áfram

Allir sjóðir í lífeyrisgátt

Hægt er að sækja upplýsingar um réttindi í öllum lífeyrissjóðum, nýta í útreikning og áætlanir og fá þannig heildarmyndina.



Brú og Almenni vinna saman

Almenni lífeyrissjóðurinn og Brú lífeyrissjóður hafa ákveðið að hefja samstarf um séreignarsparnað. Samstarfið felst í því að Brú mun benda sjóðfélögum sínum á ávöxtunarleiðir Almenna fyrir séreignarsparnað, bæði fyrir séreign sem myndast með greiðslu lágmarksiðgjalds og viðbótariðgjalds (viðbótarlífeyrissparnaðar).

Vel sóttur fræðslufundur

Fræðslufundur Almenna lífeyrissjóðsins, Eftirlaun í útlöndum, sem haldinn var í lok febrúar síðastliðnum var mjög vel sóttur en auk þess sem mikill fjöldi fólks horfði á streymi eða upptöku frá fundinum. Efni fundarins var ætlað þeim sem íhuga að verja eftirlaunaárunum að einhverju leyti erlendis.

Erlent verðbréfasafn – ný ávöxtunarleið

Almenni hefur stofnað ávöxtunarleiðina Erlent verðbréfasafn sem fjárfestir eingöngu í erlendum eignum. Fjárfestingarstefna safnsins eru 70% hlutabréf og 30% skuldabréf. Safnið á hlut í yfir 5000 fyrirtækjum og dreift safn skuldabréfa. Fyrir vikið er áhættudreifing mikil, bæði á atvinnugreinar, gjaldmiðla og ólík hagkerfi. Erlenda verðbréfasafnið er hagkvæmt fyrir sjóðfélaga. Í raun njóta sjóðfélagar Almenna kjara eins og fagfjárfestar, greiða ekki sölukostnað, upphafskostnað eða ábendingaþóknun.

Langtíma ávöxtun borin saman

Viðskiptablaðið birti á dögnum grein þar sem gerður er samanburður á íslenskrri séreign og þýskri lífeyristryggingu. Í greininni er sparnaður í séreignarsjóðum borinn saman við lífeyristryggingar en nokkur eðlismunur er á þessu tvennu. Einnig er farið yfir ávöxtun og kostnað sem byggir

á lykilupplýsingaskjöllum og opinberum upplýsingum um ávöxtun. Óhætt er að segja að samanburðinn er íslensku séreigninni í hag. Greinina í heild sinni má lesa hér með því að smella hér.

Galið að vera ekki með...

Í október 2024 hélt Almenni lífeyrissjóðurinn morgunfund í tilefni þess að þá voru liðin 25 ár síðan viðbótarlífeyrissparnaður hófst. Fundurinn var vel sóttur bæði á staðnum og í streymi.

Almenni á Mannauðsdeginum

Almenni tók í fyrsta sinn þátt í Mannauðsdeginum sem haldinn er ár hvert af Félagi mannauðsfólks á Íslandi. Tilgangur þátttökunnar var að vekja athygli á sérstöðu Almenna, mikilvægi lífeyrismála almennt og hve brýnt það er fyrir mannauðsfólk að þekkja vel til þeirra.



Stjórn Almenna árið 2024–2025

Aftari röð frá vinstri: Albert Þór Jónsson, Elva Ósk S. Wíium, Már Wolfgang Mixa og Þórarinn Guðnason.
Sitjandi fyrir framan, frá vinstri: Sigríður Magnúsdóttir, formaður, og Arna Guðmundsdóttir, varaformaður.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð sex sjóðfélögum, kjörnum á ársfundi til þriggja ára í senn. Varamenn í stjórn eru þrír. Á hverju ári eru kosnir tveir aðalmenn í stjórn og einn varaformaður.

Stjórnarfundir

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast er tilefni er til. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á ýmsa fundum milli stjórnarfunda til að greina mál eða afgreiða milli funda.

Stjórn 2024–2025

Aðalmenn:
Sigríður Magnúsdóttir, formaður
Arna Guðmundsdóttir, varaformaður
Albert Þór Jónsson
Elva Ósk S. Wíium
Már Wolfgang Mixa
Þórarinn Guðnason

Til vara:
Frosti Sigurjónsson
Lára Jónsdóttir

Kosin/n á ársfundi	
	2023
	2024
	2023
	2024
	2022
	2022
	2022
	2023

Endurskoðunarnefnd

Samkvæmt samþykktum sjóðsins skipar stjórn þriggja manna endurskoðunarnefnd til eins árs. Hlutverk nefndarinnar er að leitast við að tryggja áreiðanleika ársreikninga ásamt óhæði endurskoðenda sjóðsins auk þess að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringar. Í endurskoðunarnefndinni árið 2024 til 2025 sitja Helga Harðardóttir, formaður, Eiríkur Þorbjörnsson og Þórarinn Guðnason.



Öll mætt

Eins og myndin ber með sér fer vel um starfsfólk Almenna á Dalvegi 30. Allt starfsfólk var viðstatt þessa myndatöku og bjart var yfir mannskapnum.

Verið velkomin á Dalveg 30

Skrifstofa sjóðsins er á Dalvegi 30, Kópavogi, á 2. hæð en þar er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum. Vissara er þó að bóka fund fyrirfram. Skrifstofan er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 10–15.



Ráðgjafar og móttaka

Ráðgjafar sjóðsins eru fjórir og geta sjóðfélagar leitað til þeirra um sérhæfða þjónustu og ráðgjöf um lífeyrismál.

Pórhildur Stefánsdóttir, deildarstjóri	thorhildur@almenni.is
Ásgerður Hrönn Hafstein, ráðgjafi	asgerdur@almenni.is
Brynja Margrét Kjærnested, ráðgjafi	brynja@almenni.is
Bryndís Davíðsdóttir, ráðgjafi	bryndis@almenni.is
Jóna Margrét Sigurðardóttir, bakvinnsla lána	jona@almenni.is

Iðgjalda- og lífeyrisdeild

Iðgjalda- og lífeyrisdeild sér um skráningu iðgjalda og greiðslu lífeyris.

Birta Líf Jökulsdóttir, innheimta	birta@almenni.is
Guðbjörg Rúnarsdóttir, iðgjöld og lífeyrir	gudbjorg@almenni.is
Una Hafdís Hauksdóttir, iðgjöld og lífeyrir	una@almenni.is

Eignastýring

Eignastýringarteymi sjóðsins sér um stýringu eigna sjóðsins í samræmi við fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstjóri stýrir störfum teymisins.

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstj.	kristjana@almenni.is
Bjarni Kristinn Torfason, sjóðstjóri	bjarni@almenni.is
Helga Indriðadóttir, sjóðstjóri	helga@almenni.is
Svavar Hjalttested, sjóðstjóri	svavar@almenni.is

Bókhald


Bókhaldsdeild sér um daglegt bókhald, mánaðarlegar afstemmingar, skýrslur og árlegt uppgjör sjóðsins.

Jóna Bergþóra Sigurðardóttir, sérfræðingur	jonab@almenni.is
Eva Ósk Eggertsdóttir, sérfræðingur	eva@almenni.is

Rekstur og önnur verkefni

Daglegur rekstur og verkefni sem tengjast öllum starfsmönnum og deildum.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri	gunnar@almenni.is
Arnar Páll Sigurðsson, forritari	arnar@almenni.is
Halldór Bachmann, kynningarstjóri	halldor@almenni.is
Helgi Pétur Magnússon, lögmaður sjóðsins og deildarstjóri lána	helgip@almenni.is
Hrannar Bragi Eyjólfsson, lögfræðingur	hrannar@almenni.is
Kristján Kristjánsson, tölvunarfræðingur	kristjank@almenni.is
Lóa Rún Kristinsdóttir, gjaldkeri	loa@almenni.is
Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri	sigridur@almenni.is
Sigurður Örn Jónsson, deildarstj. tölvumála	siggi@almenni.is
Sigurður Örn Karlsson, áhættustjóri	sigurdurorn@almenni.is



Tryggingafræðileg staða batnaði árið 2024 vegna góðrar ávöxtun eigna. Heildarstaða er innan marka sem sett eru í lögum og haldast því réttindi óbreytt.

Tryggingafræðileg úttekt

Við mat á fjárhagsstöðu samtryggingarsjóða eru eignir bornar saman við skuldbindingar á þrjá vegu.

- **Áunnin staða.** Núverandi eignir eru bornar saman við skuldbindingar vegna áunninna réttinda.
- **Framtíðarstaða.** Núvirði iðgjalda virkra sjóðfélaga til 70 ára aldurs er borið saman við réttindi sem framtíðariðgjöld mynda.
- **Heildarstaða** er samtala áunninnar stöðu og framtíðarstöðu.

Almenni lífeyrissjóðurinn notar sérhæfðar dánarlíkur við mat á skuldbindingum. Það er gert eftir athugun á dánartíðni sjóðfélaga sem sýndi marktækt að þeir lifa lengur en landsmeðaltal. Í Almenna lífeyrissjóðnum er tiltölulega hátt menntunarstig meðal sjóðfélaga en innlendir og erlendar hagtölur benda til þess að meðalævilengd háskólamenntaðra sé meiri en hjá þeim sem hafa eingöngu grunn- og framhaldsskólamenntun.

Staðan

Tryggingafræðileg úttekt í lok árs 2024 sýnir að heildar eignir samtryggingarsjóðs nema 388,4 milljörðum króna sem samanstendur af núverandi eignum og núvirtum framtíðariðgjöldum. Heildarskuldbindingar sjóðsins nema 397,8 milljörðum króna sem þýðir að skuldbindingar umfram eignir eru 9,4 milljarðar króna eða 2,4% umfram eignir.


Áfallin staða hefur batnað verulega frá síðustu úttekt, úr -7,7% í -4,1% af skuldbindingum. Bæting um 3,6 prósentustig skýrist að mestu af góðri ávöxtun á árinu 2024. Hrein raunávöxtun samtryggingarsjóðs nam 7,4% og nafnávöxtun 12,5%. Á sama tíma var reiknuð hækkun skuldbindinga samtals 8,5%. Skuldbindingarnar eru að fullu verðtryggðar og hækkuðu um 4,8% vegna verðbólgu og um 3,5% vegna reiknaðrar raunávöxtunar skuldbindinga.

Aldursháð aðlögun staðfest fyrir hæstarétti


Fjármálaráðuneytið tilkynnti í desember 2021 að lífeyrissjóðir skyldu taka upp nýjar líftöflur við mat á skuldbindingum samtryggingadeilda. Nýju líftöflurnar gera ráð fyrir lengri meðalævi komandi kynslóða, sem þýðir að sjóðfélagar lifa lengur en áður var gert ráð fyrir. Þar sem lífeyrissjóðir greiða ellilífeyri til æviloka leiðir aukinn lífaldur til lengri greiðslutíma lífeyris, sem aftur eykur skuldbindingar sjóðanna.

Hæstiréttur staðfesti með dómi 27. nóvember 2024 í máli Lífeyrissjóðs Verslunarmanna gegn sjóðfélaga að heimilt sé að aðlaga réttindi sjóðfélaga eftir aldri vegna nýrra líftaflna. Í málinu var deilt um hvort sjóðnum hafi verið heimilt að breyta réttindum sjóðfélaga á grundvelli aldursháðrar aðlögunar. Dómurinn er fordæmisgefandi fyrir aðra lífeyrissjóði og staðfestir lögmæti slíkrar réttindaaðlögunar. Niðurstaðan er í fullu samræmi við breytingar á réttindum sem samþykktar voru á ársfundi Almenna lífeyrissjóðsins 31. mars 2022.

Hagstæð lífeyrisréttindi



Eftirlaun, hlutfall af lokalaunum




Séreign við lífeyristöku

10,0 árslaun

Örorka/fráfall 40 ára

% af meðallaunum sl. þriggja ára



Dæmi um inneign og lífeyri

Réttindi og inneign ef sjóðfélagi greiðir 15,5% lágmarksiðgjald og 4% viðbótariðgjald í sjóðinn á aldrinum 25 til 66 ára. Reiknað með 3,5% raunávöxtun á ári og að launatekjur á starfsævinni hækki til 50 ára aldurs en lækki síðan.

Gert er ráð fyrir að ellilífeyrir sé greiddur frá 67 ára aldri og að séreign sé tekin út á 20 árum. Dæmið sýnir örorku- og makalífeyri ef sjóðfélagi missir starfsorku eða fellur frá 40 ára.

Hagstæð lífeyrisréttindi

Í Almenna lífeyrissjóðnum er samsetning lífeyrisréttinda öðruvísi en í flestum öðrum lífeyrissjóðum. Lágmarksiðgjald er greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð en þannig safnast upp hagstæð lífeyrisréttindi og séreign sem skapar sveigjanleika.



Inneign í séreignarsjóði er laus til útborgunar við 60 ára aldur og geta sjóðfélagar ráðið hvort þeir taka inneignina út í einu lagi eða dreifa úttektinni á lengri tíma. Inneignin erfist við fráfall og eykur það fjárhagslegt öryggi aðstandenda.

Með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á ellilífeyri til æviloka og áfallalífeyri (örorku-, maka- og barnalífeyrir) sem greiðist til þeirra og fjölskyldna þeirra við tekjumissi vegna örorku eða fráfalls.

- Sjóðfélagar geta hafið töku ævilangs ellilífeyris á aldrinum 60 til 80 ára.
- Örorkulífeyrir er greiddur til 70 ára aldurs ef sjóðfélagar missa starfsorku.
- Makalífeyrir er greiddur til maka við fráfall sjóðfélaga í 2,5 ár og lengur ef sjóðfélagi á barn undir 20 ára aldri eða ef makinn er öryrki og yngri en 67 ára.

- Barnalífeyrir er greiddur til barna yngri en 20 ára við fráfall eða við starfsorkumissi sjóðfélaga. Fjárhæð barnalífeyris í mars 2025 er 49.096 kr. á mánuði.
- Ef barn látins sjóðfélaga á hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi er greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

Sundurliðaður kostnaður í milljónum króna



Raunkostnaður og áætlun 2024

Starfsmannakostnaður og upplýsingatækni eru stærstu kostnaðarliðir í rekstri sjóðsins. Rekstrarkostnaður var í takt við áætlun á liðnu ári.

Stefnt að lágmarkskostnaði

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að halda kostnaði í lágmarki þannig að sem mest af ávöxtun eigna skili sér til sjóðfélaga. Þessu er fylgt eftir með því að gæta hófs í rekstri og reyna að lágmarka fjárfestingarkostnað við ávöxtun eigna sjóðsins eins og hægt er. Þrátt fyrir þetta hefur rekstrarkostnaður hækkað á liðnum árum í takt við verðlag og auknar kröfur um áhættustýringu og eftirlit.

Kostnaður í samanburði við áætlun 2024

Rekstrarkostnaður árið 2024 var í takt við rekstraráætlun fyrir árið. Áætlunin fyrir árið 2024 gerði ráð fyrir heildarkostnaði að fjárhæð 1.071 milljónir króna en raunverulegur kostnaður varð 1.094 milljónir króna sem er 2% hærra en áætlun. Inn í þeirri tölu er leiðrétting á orlofsskuldbindingu sem hækkar kostnað um 3%. Umsvif sjóðsins hafa aukist á síðustu árum, bæði með aukinni eignastöðu og fjölgun sjóðfélaga. Jafnframt hafa kröfur um áhættustýringu og rekstraröryggi aukist, sem hefur haft áhrif á kostnaðarliði.


Stærstu kostnaðarliðirnir

Starfsmannakostnaður vegur þýngst í rekstrarkostnaðinum en hjá sjóðnum starfa 24 starfsmenn. Sjá nánar um starfsfólk og skipulag á bls. 9. Upplýsingatækni er annar stærsti kostnaðarliðurinn en sjóðurinn notar sérstök upplýsingakerfi fyrir eignir, réttindi sjóðfélaga, lán og bókhald. Sjóðurinn býður jafnframt sjóðfélögum og launagreiðendum upp á að skoða upplýsingar á sjóðfélaga- og launagreiðandavef. Sjóðfélagar geta hvenær sem er séð nýjustu upplýsingar um réttindi og séreign á myndrænu formi á sjóðfélagavef auk þess að fylla út umsóknir og senda til sjóðsins. Á sjóðfélagavefnum er einnig hægt að breyta um ávöxtunarleiðir og þeir sem eru orðnir 60 ára geta stýrt úttekt úr séreignarsjóði með því að stilla fjárhæð mánaðarlegra úttektar eða sækja eingreiðslu þegar þeim hentar. Á lánavef er hægt að sækja um lán og greiða aukagreiðslur þegar það hentar.

Áætlun 2025

Stjórn sjóðsins samþykkti á stjórnarfundi í desember sl. rekstraráætlun fyrir árið 2025. Samkvæmt henni stefnir í að rekstrarkostnaður sjóðsins verði um 1.202 milljónir króna eða um 0,25% af áætluðum meðaleignum ársins. Samkvæmt áætlun hækkar starfsmannakostnaður og upplýsingatækni hlutfallslega mest. Aðrir liðir hækka óverulega eða standa nánast í stað. Þegar áætlunin var gerð var reiknað með 4,5% verðbólgu yfir árið.

Lán til sjóðfélaga



Hátt vaxtastig og minni lánveitingar

Myndin sýnir þróun nýrra útlána frá 2016, ásamt uppgreiðslum. Nettó lánveitingar 2024 námu 5,4 milljörðum króna.

Sjóðfélagalán Almenna

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að velja á milli lána með föstum verðtryggðum vöxtum eða verðtryggðra og óverðtryggðra lána þar sem vextir eru festir til þriggja ára en verða breytilegir eftir það. Lánstími er sveigjanlegur til allt að 40 ára og enginn kostnaður er greiddur við innborgun eða uppgreiðslu lána.

Á heimasíðu sjóðsins má nálgast greinargóðar upplýsingar um þau lán sem í boði eru og á hvaða kjörum þau eru veitt. Þar er einnig að finna upplýsingar um úrræði sem standa til boða við greiðsluferfiðleika, ásamt fjölmörgum öðrum upplýsingum.

Allir lántakendur fá aðgang að sérstökum lánavef, þar sem hægt er að sækja um ný lán, meta áhrif aukagreiðslna á greiðslubyrði útistandandi lána, greiða eingreiðslu eða gera samning um aukagreiðslur tímabundið inn á lán.

Lánasafn vex á milli ára

Árið 2024 lánaði sjóðurinn 8,9 milljarða króna með veði í fasteignum. Á sama tíma voru greidd upp eldri lán fyrir 3,6 milljarða, þannig að nettó lánveitingar námu 5,4 milljörðum.

Heildarsafn sjóðfélagalána stóð í 54,2 milljörðum í lok árs 2024, þar sem 64% útlána voru verðtryggð og 36% óverðtryggð. Vægi verðtryggðra lána hefur hækkað nokkuð á síðustu tveimur árum.


Vextir og verðbólga

Vextir á óverðtryggðum þriggja ára lánnum til sjóðfélaga lækkuðu á árinu 2024, en vextir á verðtryggðum lánnum hækkuðu hins vegar. Óvissa er um þróun vaxta á næstunni, en vaxtastig er hátt í sögulegu samhengi. Sjóðfélagar fá upplýsingar frá sjóðnum um breytingar á vöxtum og áhrif þeirra á greiðslubyrði af lánnum.

Endurfjármögnun og aðrar breytingar á lánnum

Lántakendum stendur almennt til boða að endurfjármagna lán sín hjá sjóðnum og gera skilmálabreytingar á lánnum sínum. Því er mikilvægt að lántakendur séu upplýstir og vakandi fyrir því að þeim kunni að standa hagstæðari lán til boða.

Þó að það fylgi því kostnaður að gera breytingar á lánnum og endurfjármagna getur kostnaður verið fljótur að koma til baka ef lántakar geta endurfjármagnað lán sín á hagstæðari kjörum eða komið í veg fyrir kostnað og óþægindi sem af greiðsluferfiðleikum getur stafað. Ráðgjafar sjóðsins eru ávallt reiðubúnir að svara spurningum um lánamál og veita upplýsingar um hvaða möguleikar til endurfjármögnunar eða skilmálabreytinga kunna að vera í boði. Lántakendur eru því hvattir til að leita til ráðgjafa sjóðsins.



Lífeyrisgreiðslur

Súluritín sýna lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði annars vegar og úttekt úr séreignarsjóði hins vegar. Greiðslur úr séreignarsjóði jukust um 17% á milli ára en greiðslur úr samtryggingarsjóði um 19%.

Lífeyrisgreiðslur aukast milli ára

Árið 2024 greiddi Almenni lífeyrissjóðurinn samtals 13,7 milljarða í lífeyri og skiptust greiðslurnar þannig að 8,2 milljarðar voru greiddir úr séreignarsjóði en 5,5 milljarðar úr samtryggingarsjóði. Samtals fengu 4.901 lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóði árið 2024, þ.a. nýttu 2.984 heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði inn á lán og 88 nýttu sér heimild til að greiða inn á fyrstu íbúð. Lífeyrisþegar úr samtryggingarsjóði voru samtals 3.490 og skiptust þannig að 2.362 fengu ellilífeyri, 647 örorkulífeyri, 224 makalífeyri, 270 eingreiðslu ellilífeyris og greiddur var barnalífeyrir vegna 110 barna.

Breytingar milli ára


Ellilífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði hafa hækkað jafnt og þétt í takti við hækkanði meðalaldur sjóðfélaga. Örorku-, maka- og barnalífeyrir er svipaður milli ára. Reglulegar greiðslur úr séreignarsjóði hækka á milli ára og greiðslur inn á lán lækka aðeins á milli ára en á árinu námu þær 1.235 milljónum en 1.255 milljónum árið 2023.

Heimild til að greiða viðbótarlífeyrissparnað inn á lán

Á árinu 2014 samþykktu stjórnvöld að heimila einstaklingum að greiða viðbótarlífeyrissparnað skattfrjálst inn á fasteignalán á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017. Frá þeim tíma hefur heimildin verið framlengd fjórum sinnum og gildir nú til ársloka 2025. Fjöldi sjóðfélaga hjá Almenna lífeyrissjóðnum hefur nýtt sér þetta úrræði en í lok desember var búið að greiða 11,2 milljarða fyrir 5.505 sjóðfélaga inn á lán og 565 milljónir höfðu verið nýttar til íbúðarkaupa fyrir 748 sjóðfélaga.

A herd of horses of various colors (brown, black, and white) is running along a gravel road in a grassy field. The scene is captured during sunset or sunrise, with a warm, golden light illuminating the horses and the sky. The horses are in motion, with their manes and tails flowing. The background shows a vast, open landscape under a clear blue sky.

Ávöxtun og fjárfestingar



Skipting eigna

Í árslok 2024 voru 53% eigna í séreignarsjóði og 47% í samtryggingarsjóði. Ævisafn II er stærsta ávöxtunarleið séreignarsjóðs og veða blandaðar ávöxtunarleiðir um 85% af séreignarsjóði.

Blandaður lífeyrissjóður

Almenni lífeyrissjóðurinn er blandaður lífeyrissjóður að því leyti að iðgjöld sjóðfélaga eru greidd bæði í samtryggingar- og séreignarsjóð.

Séreignarsjóður

Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga greidd á sérreikning hans ásamt ávöxtun ár hvert. Inneign sjóðfélaga í séreignarsjóði er laus til útborgunar við 60 ára aldur. Hjá þeim sem eiga tilgreinda séreign er sú inneign laus til útborgunar við 62 ára aldur og skal þá dreifast að lágmarki á næstu fimm ár. Inneignin erfist við fráfall. Ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs eru sjö. Ný ávöxtunarleið, Erlent verðbréfasafn, leit dagsins ljós í ársbyrjun 2025 og fyrir eru ávöxtunarleiðirnar Ævisafn I, Ævisafn II, Ævisafn III, Ríkissafn, Skuldabréfasafn og Innlánasafn. Ævisafn I, II og III eru



blönduð verðbréfasöfn með innlánunum, skuldabréfum og hlutabréfum, Innlánasafnið fjárfestir eingöngu í innlánunum, Ríkissafnið fjárfestir í ríkisskuldabréfum með meðallöngum líftíma, Skuldabréfasafnið fjárfestir í vel dreifðu innlendu skuldabréfasafni og Erlenda verðbréfasafnið fjárfestir í erlendum hlutabréfum og erlendum skuldabréfum.

Samtryggingarsjóður

Eignir samtryggingarsjóðs eru ávaxtaðar í sérgreindu verðbréfasafni. Markmið safnsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í skuldabréfum og hlutabréfum.

Fjárfestingarstefna samtryggingarsjóðsins tekur mið af réttindakerfi, lífeyrisbyrði, aldurssamsetningu sjóðfélaga og áætluðu framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga sjóðsins.

- Stefnt er að því að skuldabréf vegi 45% og hlutabréf 55% af eignum samtryggingarsjóðs.
- Ákvörðun um vægi hlutabréfa í fjárfestingarstefnu er tekin með hliðsjón af lífeyrisbyrði (hlutfall lífeyrisgreiðslna og iðgjalda) og áætluðu greiðsluflæði samtryggingarsjóðs.
- Lífeyrisbyrði á árinu 2024 var 50% og er reiknað með að iðgjöld verði meiri en lífeyrisgreiðslur að minnsta kosti til ársins 2032.
- Samtryggingarsjóðurinn þolir því að taka á sig sveiflur á verði hlutabréfa og býr ekki við þá áhættu að þurfa að selja hlutabréfin þegar hlutabréfaverð er lágt á mörkuðum og getur því fjárfest nokkuð háu hlutfalli af eignum í hlutabréfum.



Ávöxtun síðustu ára

Myndin sýnir nafn- og raunávöxtun síðasta árs og raunávöxtun síðustu fimm og tíu ára.

Góð langtímaávöxtun

Frá árinu 1990 hefur meðal-raunávöxtun samtryggingarsjóðs verið 4,4% á ári að jafnaði og meðalraunávöxtun Ævisafns II verið 4,1%, en safnið hóf ekki að fjárfesta í hlutabréfum fyrr en árið 1998.

Góð ávöxtun á kosningarárinu mikla

Það má segja að árið 2024 hafi verið farsælt fyrir fjárfesta. Helstu markaðir sem Almenni lífeyrissjóðurinn fjárfestir á skilðu góðri ávöxtun. Blandaðar ávöxtunarleiðir hækkuðu mest og var nafnávöxtun þeirra á bilinu 10% til 13,8%. Hæst var ávöxtunin í Ævisafni I sem hækkaði um 13,8% sem samsvarar 8,7% raunávöxtun.

Heimsvísitala erlendra hlutabréfa MSCI hækkaði um 18,7% í dollurum eða um 20,4% í íslenskum krónum þar sem krónan gaf eftir gagnvart dollara á árinu. Árið fór vel af stað og voru töluverðar hækkunir fram yfir mitt ár. Hökt kom í markaðinn seinnipart júlímánaðar en þær lækkunir gengu hratt til baka í ágúst. Ávöxtun á erlendum hlutabréfamörkuðum hefur að jafnaði verið góð undanfarin ár og heimsvísitala erlendra hlutabréfa MSCI hefur hækkað að jafnaði um 11,2% í dollurum síðastliðin fimm ár sem samsvarar um 14,1% árlegri nafnávöxtun í íslenskum krónum.

Innlendur hlutabréfamarkaður fór vel af stað í upphafi síðasta árs en hækkunir á fyrstu vikum ársins gengu hratt til baka.

Markaðurinn náði ákveðnum botni um miðjan september en þá fór bjartsýni að aukast. Markaðsaðilar voru þá orðnir nokkuð bjartsýnir á að sameining fyrirtækjanna JBT og Marel gengi eftir. Seðlabankinn hóf svo vaxtalækkunarferli sitt í byrjun október og jákvæðar fréttir bárust frá skráðum fyrirtækjum. Innlendi hlutabréfamarkaðurinn tók því vel við sér á síðasta árfjórðungi og hækkaði heildarvísitala aðallista um 14,7% yfir árið í heild. Innlendi hlutabréfamarkaðurinn hefur skilað ágætri ávöxtun undanfarin fimm ár og hækkað að jafnaði um 12,4% á ári.

Ávöxtunarkrafa á markaði lækkaði í upphafi árs en sú lækkun var að mestu gengin til baka um mitt ár þar sem markaðsaðilar voru orðnir langþreyttir á biðinni eftir lækkun stýrivaxta. Í október voru stýrivextir fyrst lækkaðir um 0,25 prósentustig og svo um 0,5 prósentustig í nóvember og voru þá orðnir 8,5% í árslok. Skuldabréfamarkaðurinn skilaði ágætri ávöxtun yfir árið og hækkaði vísitala Nasdaq Iceland fyrir 10 ára löng verðtryggt skuldabréf um 7,1% og vísitala Nasdaq Iceland fyrir 10 ára óverðtryggt skuldabréf hækkaði um 6,2% á árinu.


Blönduð söfn Ávöxtun blandaðra ávöxtunarleiða, þ.e. Ævisafna I, II, III og samtryggingarsjóðs var frá 10% til 13,8% sem samsvarar um 5% til 8,7% raunávöxtun. Hækkunir á erlendum hlutabréfamörkuðum höfðu mest áhrif til hækkunar á gengi safnanna.

Ríkissafn hækkaði um 7,6% sem samsvarar um 2,7% raunávöxtun. Það sem skýrir ávöxtun safnsins er ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa ásamt hækkun á vísitölu neysluverðs en safnið er að stærstum hluta fjárfest í verðtryggðum ríkisskuldabréfum.

Innlánasafn hækkaði um 6,6% sem samsvarar um 1,7% raunávöxtun. Safnið ávaxtar eignir sínar að stærstum hluta á bundnum innlánsreikningum og vega verðtryggt innlán um 99% af eignum safnsins.

Skuldabréfasafn hækkaði um 7,2% sem samsvarar um 2,3% raunávöxtun. Safnið ávaxtar eignir sínar í vel dreifðu innlendu skuldabréfasafni, bæði í ríkisskuldabréfum, sértryggðum skuldabréfum, fyrirtækjaskuldabréfum og veðskuldabréfum.

Fjárfestingarumhverfið 2024



Vextir taka að lækka

Á árinu 2024 hófu seðlabankar Vesturlanda vaxtalækkunarferli en vextir lækkuðu þó minna og hægar en vænst var í upphafi árs.

Helstu hlutabréfamarkaðir heims skiluðu jákvæðri ávöxtun en sá bandaríski skaraði fram úr.

Fjárfestingarumhverfið 2024

Árið 2024 markaði viðsnúning í vaxtaþróun á fjármálamörkuðum en helstu seðlabankar Vesturlanda hófu að lækka stýrivexti sína á árinu eftir undanfarin ár hárrar verðbólgu og hækkandi vaxta. Vaxtalækkunin varð þó hægari en vonir margra höfðu staðið til, sérstaklega í Bandaríkjunum þar sem kröftugur hagvöxtur seinkaði vaxtalækkunum fram á haustið og dró úr væntingum um hraðar lækkanir. Seðlabanki Japan synti á móti straumnum og hækkaði stýrivexti sína í fyrsta sinn í 17 ár en verðbólga síðustu tveggja ára er sú mesta sem Japanir hafa upplifað síðan seint á síðustu öld.

Hlutabréfamarkaðir hækkuðu víða á árinu 2024 en Bandaríkin voru þó í sérflokk þar sem S&P 500 hlutabréfavisitalan hækkaði um 25%. Heimsvísitala MSCI hækkaði um 18,7% en sú hækkan var að miklu leyti drifin áfram af bandarískum hlutabréfum sem mynda yfir 70% vísitölnunnar. Evrópskar hlutabréfavisitölur hækkuðu mun minna, sér í lagi þegar ávöxtun þeirra er færð yfir í bandaríkjadólar sem styrktist á

árinu vegna vaxandi vaxtamunar við aðrar myntir. Þótt stýrivextir færu almennt lækkandi á árinu þá leituðu vextir til lengri tíma frekar upp á við eftir því sem væntingar um stýrivaxtalækkanir minnkuðu. Það hafði neikvæð áhrif á skuldabréfaávöxtun en áhættusamari skuldabréf skiluðu þó ágætri ávöxtun þar sem áhættuálög lækkuðu almennt.

Á alþjóðavettvangi bar forsetakosningar í Bandaríkjunum hæst á árinu. Markaðir í Bandaríkjunum brugðust almennt vel við kosningu Donald Trump og hlutabréfaverð hækkaði á væntingum um skattalækkanir, minna regluverk og almennt jákvæðara viðhorf stjórnvalda til fyrirtækja. Viðbrögð markaða í Evrópu voru dræmari. Stríðsátök héldu áfram í Úkraínu og fyrir botni Miðjarðarhafsins. Spenna og óvissa í millríkjasamskiptum hafði áhrif á markaði. Gullverð hækkaði til dæmis um 27% sem er rakið til aukinnar áherslu seðlabanka á gullforða umfram gjalddeyri, lægri vaxta og aukinnar eftirspurnar eftir tryggri eign á óvissutímum.

Á Íslandi hófst vaxtalækkunarferli Seðlabankans á árinu 2024

eins og víðast á Vesturlöndum. Hærrí og þrálátari verðbólga hérlendis seinkaði þó vaxtalækkunarferlinu fram í október og Seðlabankinn lækkaði vexti aðeins tvisvar árinu, alls um 0,75 prósentustig. Verðbólgan lækkaði jafnt og þétt á árinu og mældist 4,8% í lok árs.

Góð ávöxtun á innlendum verðbréfamarkaði

Íslenskir verðbréfamarkaðir skiluðu góðri ávöxtun á árinu. Vísitala aðallista hlutabréfa skilaði tæplega 15% ávöxtun en hækkan hlutabréfaverðs átti sér fyrst og fremst stað á síðasta ársfjórðungi ársins. Ávöxtun skuldabréfa var ágæt á árinu. Lækkandi stýrivextir skiluðu sér í lækkan ávöxtunarkröfu til styttri og meðallangstíma en eins og víða erlendis héldust vextir til lengri tíma háir. Gengi krónunnar styrktist um 4,4% gagnvart evru og styrktist almennt gagnvart evrópskum myntum en hélt þó ekki í við dollarann og veiktist um 1,5% gagnvart honum á árinu.



Efnisyfirlit

- I. Um Almenna lífeyrissjóðinn
- II. Söguleg ávöxtun
- III. Efnahagshorfur, vænt ávöxtun og framreikningur
- IV. Fjárfestingarstefna 2025
- V. Viðmið

Viðauki: Fjárfestingarstefnur ávöxtunarleiða

Fylgiskjal 1: Stefna Almenna lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar

Fylgiskjal 2: Eigendastefna Almenna lífeyrissjóðsins

Fylgiskjal 3: Reglur um lán til sjóðfélaga

Ítarleg stefna

Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins er aðgengileg fyrir sjóðfélaga á vefsíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Fjárfestingarstefna 2025

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins samþykkti í nóvember fjárfestingarstefnu fyrir árið 2025. Í henni eru upplýsingar um uppbyggingu Almenna lífeyrissjóðsins og er fjallað um samtryggingarsjóð og ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs. Farið er yfir sögulega ávöxtun verðbréfa og samspil ávöxtunar og áhættu. Í framhaldi af þeirri umfjöllun er sett fram fjárfestingarstefna og skilgreindar fjárfestingarheimildir fyrir allar ávöxtunarleiðir. Sérstakur kafli er um viðmið við kaup á verðbréfum og einnig fylgja reglur um lán til sjóðfélaga, stefna Almenna um ábyrgar fjárfestingar og eigendastefna Almenna.

Helstu breytingar frá fjárfestingarstefnu 2024

- Litlar breytingar eru gerðar á fjárfestingarstefnu blandaðra ávöxtunarleiða, Ævisafns I–III og samtryggingarsjóðs, á milli ára. Hlutföllum einstakra eignaflokka í stefnu safnanna hefur verið hnikað til og lítilsháttar breytingar gerðar á viðmiði fyrir meðallíftíma skuldabréfa.

- Stefna um fjárfestingar í erlendum sérhæfðum hlutabréfasjóðum hefur verið aukin lítillega, úr 7% í 8% í Samtryggingarsjóði og Ævisafni II, úr 4% í 4,5% í Ævisafni III og úr 9% í 10% í Ævisafni I. Á móti er dregið úr vægi skráðra erlendra hlutabréfa í stefnu safnanna. Er þessi breyting gerð með sveiflujöfnun og hærrí vænta ávöxtun í huga og áhættudreifingarsjónarmið vega hér jafnframt þungt, en samþjöppun á skráðum erlendum hlutabréfamarkaði hefur aukist talsvert á undanförunum árum.
- Stefna um fjárfestingar í erlendum skuldabréfum hefur jafnframt verið aukin lítillega, úr 5% í 6% í Samtryggingarsjóði og Ævisafni II og úr 3,5% í 4% í Ævisafni I. Á móti er dregið úr vægi innlána. Fjárfestingar lífeyrissjóðsins í erlendum skuldabréfum hafa aukist á undanförunum miss-erum m.a. vegna markaðsaðstæðna og þessi breyting í stefnu fellur að þeim áherslum.
- Breytingar eru gerðar á fjárfestingarstefnu Skuldabréfasafns (áður Húsnæðissafns) á þann hátt að safnið stefni að fjárfestingum í dreifðu safni innlendra skuldabréfa, bæði

ríkisskuldabréfum, sértryggðum skuldabréfum, sveitarfélagabréfum, fyrirtækjaskuldabréfum og veðskuldabréfum, í stað þess að stefna að fjárfestingum að mestu í veðskuldabréfum og ríkisskuldabréfum.

- Ný ávöxtunarleið séreignarsparnaðar sem fjárfestir í erlendum verðbréfum hefur litið dagsins ljós og ber nafnið Erlent verðbréfasafn. Fjárfestingarstefna gerir ráð fyrir að safnið fjárfesti um 70% í erlendum hlutabréfum og 30% í erlendum skuldabréfum. Mikil áhættudreifing á eignaflokka, lönd og atvinnugreinar einkennir undirliggjandi eignir safnsins, en sveiflur í ávöxtun geta jafnframt verið miklar.
- Stefna Almenna lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar og eigendastefna eru staðfestar sérstaklega af stjórn og eru fylgiskjöl með fjárfestingarstefnu. Óverulegar breytingar eru gerðar á stefnunum á milli ára.

Sjálfbærni í fjárfestingum



Stefnuskjöl

Lífeyrissjóðurinn starfar eftir stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar sem endurskoðuð er á hverju ári. Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að horft sé til umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnarháttanna (UFS) í fjárfestingum sjóðsins til að meta viðeigandi áhættur. Viðmið og áherslur um stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn á verulegan eignarhlut í er jafnframt að finna í eigendastefnu sjóðsins.

Sambætting sjálfbærniáhættu í fjárfestingarferli

Almenni lífeyrissjóðurinn horfir til og leggur áherslu á sjálfbærni í fjárfestingum í samræmi við stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar og eigendastefnu og tekur fjárfestingarferli sjóðsins mið af stefnunum. Færa má rök fyrir því að áhersla á umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti sé mikilvæg forsenda fyrir því að fyrirtæki séu með sjálfbæran rekstur, stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda og skili góðri afkomu til langs tíma, sem samræmist langtímasjónarmiðum í fjárfestingum. Við fjárfestingarákvarðanir sjóðsins er stefnt að því að hámarka verðmæti eigna til lengri tíma lítið, huga að góðri áhættudreifingu og taka tillit til sjálfbærniþátta, m.a. loftslagsáhættu, í heildaráhættumati fjárfestinga.

Talsverð þróun hefur verið á sviði sjálfbærnilöggjafar í nærumhverfi Íslands á undanföllum árum sem hefur kallað á aðlögun á fjárfestingarferli og upplýsingagjöf lífeyrissjóða og annarra fjárfesta. Árið 2023 tóku t.d. tvær evrópskar reglugerðir gildi hér á landi, annars vegar reglugerð um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu

(SFDR) og hins vegar flokkunarreglugerð með samræmdum skilgreiningum á hvað telst umhverfislega sjálfbær starfsemi fyrirtækja (EU Taxonomy). Að auki er m.a. von á reglugerð um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (CSRD) sem gert er ráð fyrir að taki gildi hérlendis á næstu misserum. Nokkur óvissa ríkir um umfang þeirra reglugerða sem nú eru í innleiðingarferli í kjölfar breytinga sem kynntar hafa verið á sjálfbærniregluverki Evrópu. Þrátt fyrir það er áfram gert ráð fyrir að regluverkið stuðli að samræmdri upplýsingagjöf, dragi úr grænþvotti og greiði fyrir sjálfbærum fjárfestingum.

Umvhverfisáhrif fjárfestinga



Í samræmi við stefnu lífeyrissjóðsins og gildandi regluverk, er unnið að því að greina neikvæð umhverfisáhrif fjárfestinga sjóðsins og framkvæma viðeigandi mat. Markmiðið er m.a. að draga úr kolefnisspori og veita sjóðfélögum upplýsingar um umhverfisáhrif fjárfestinga. Áhersla er lögð á að birta upplýsingar sem byggja á áreiðanlegum og viðeigandi gögnum í samræmi við þróun á sviði sjálfbærnilöggjafar og

sem gefa jafnframt heildstæða mynd af eignasafni sjóðsins. Ekki er tekið tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti á þann hátt sem skilgreint er í SFDR reglugerð ESB skv. svokölluðum PAI þáttum. Þó er unnið að því að meta hvort og þá hvernig æskilegt er framkvæma viðeigandi mat á neikvæðum áhrifum fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti, eins og skilgreint er í fyrrnefndri reglugerð sem og að greina loftslagsáhættu í tengslum við fjárfestingar sjóðsins (raunlæga- og umbreytingaráhættu).

Styður við markmið um góða langtímaávöxtun

Sjóðurinn telur að áherslur á sjálfbærni hjá fyrirtækjum fari saman við markmið sjóðsins um góða langtímaávöxtun. Færa má rök fyrir því að fyrirtæki sem leggja áherslu á sjálfbærni ráði til sín hæft starfsfólk, geti bætt rekstur og þjónustu við viðskiptavinum og skilað góðri afkomu til langs tíma. Jafnframt er vaxandi eftirspurn eftir umhverfisvænum lausnum og því er margt sem bendir til að slíkar fjárfestingar geti skilað góðri langtímaávöxtun og haft jákvæð áhrif á samfélög.

Eignasamsetning



Eignir og fjárfestingarstefna

Hér til hliðar er samanburður á fjárfestingarstefnu og eignum tveggja stærstu safna Almenna, samtryggingarsjóðs og Ævisafns II. Nánari upplýsingar eru á vefsíðu sjóðsins, www.almenni.is.

* Sérhæfðir sjóðir eru taldir með þeim eignaflokkum sem við á m.v. undirliggjandi eignir þeirra.

Eignir safna í takt við langtímastefnu

Eignasamsetning blandaðra safna Almenna, þ.e.a.s. Ævisafns I, Ævisafns II, Ævisafns III og samtryggingarsjóðs er í samræmi við langtímafjárfestingarstefnu safnanna. Vægi erlendra skuldabréfa var aukið í fjárfestingarstefnu Ævisafns I, Ævisafns II og samtryggingarsjóðs við endurskoðun stefnunnar síðastliðið haust. Fjárfestingar lífeyrissjóðsins í erlendum skuldabréfum hafa aukist á undanföllum misserum m.a. vegna markaðsaðstæðna og þessi breyting í stefnu fellur vel að þeim áherslum.

Erlend verðbréf auka áhættudreifingu

Með því að fjárfesta í erlendum verðbréfum er áhættu dreift á fleiri hagkerfi, atvinnugreinar og fyrirtæki. Vægi erlendra eigna hefur verið aukið í fjárfestingarstefnu blandaðra safna jafnt og þétt undanfarin ár með það í huga að auka

áhættudreifingu í söfnunum og ná hærri væntri ávöxtun. Ævisafn I, Ævisafn II, Ævisafn III og samtryggingarsjóður hafa náð langtímastefnu um vægi erlendra hlutabréfa en það sem skýrir undirvigt erlendra skuldabréfa hjá Ævisafni I, Ævisafni II og samtryggingarsjóði er að vægi erlendra skuldabréfa var aukið í fjárfestingarstefnu þeirra við endurskoðun stefnunnar fyrir árið 2025. Stefnt er að því að vægi erlendra skuldabréfa verði komið í takt við langtímastefnu á fyrsta ársfjórðungi ársins 2025.


Val um ávöxtunarleid í séreign

Iðgjöld í séreignarsjóð eru greidd í ávöxtunarleid samkvæmt vali sjóðfélaga. Sjóðfélagar geta hvenær sem er skipt um ávöxtunarleid og valið þá leið sem hentar þeim best. Ráðgjafar sjóðsins eru tilbúnir að veita nánari upplýsingar og aðstoða við val á ávöxtunarleid. Í séreign eru

í boði sjö ávöxtunarleiðir sem hægt er að velja á milli. Ávöxtunarleiðirnar eru Ævisafn I, II og III sem eru blönduð verðbréfasöfn með innlánnum, skuldabréfum og hlutabréfum, Innlánasafn sem fjárfestir eingöngu í innlánnum, Ríkissafn sem fjárfestir í ríkisskuldabréfum með meðallöngum líftíma, Skuldabréfasafn sem fjárfestir í vel dreifðu innlendu skuldabréfasafni og Erlent verðbréfasafn sem fjárfestir í erlendum hlutabréfum og erlendum skuldabréfum.

Söfn með góðri eignadreifingu

Ráðgjöf Almenna lífeyrissjóðsins er að blönduð og vel dreifð verðbréfasöfn séu góður kostur fyrir lífeyrissparnað, veiti góða áhættudreifingu og skili bestu ávöxtuninni til lengri tíma. Mikilvægt er að dreifa fjárfestingum á milli innlána, skuldabréfa og hlutabréfa og einnig á milli ólíkra landa og hagkerfa.



Minnkandi vægi sértryggðra skuldabréfa

Vægi fyrirtækjaskuldabréfa og ríkisskuldabréfa hefur aukist í skuldabréfasafni blandaðra safna á árinu 2024 en á móti hefur vægi sértryggðra skuldabréfa minnkað.

Innlend skuldabréf

Innlend skuldabréf eru annars vegar markaðsskuldabréf og hins vegar sjóðfélagalán. Verðtryggingarhlutfall skuldabréfa í Ævisafni I, II og samtryggingarsjóði er hátt eða um 85%–86% og í Ævisafni III er það um 82% en safnið fjárfestir jafnframt í verðtryggðum innlánum. Verðtryggingarhlutfall skuldabréfa í Ríkissafni er um 97% og í Skuldabréfasafni um 78%.

Ágæt ávöxtun á skuldabréfamarkaði

Ávöxtunarkrafa á markaði lækkaði í upphafi árs en sú lækkun var að mestu gengin til baka um mitt ár. Markaðsaðilar voru orðnir langbreyttir á biðinni eftir lækkun stýrivaxta en væntingar höfðu verið um að stýrivextir yrðu lækkaðir á fyrri hluta ársins. Seðlabanki Íslands hóf vaxtalækkunarferli sitt í október 2024 en þá höfðu stýrivextir verið óbreyttir í 9,25% frá því í ágúst 2023. Fyrst voru stýrivexti lækkaði í október um 0,25 prósentustig og svo um 0,5 prósentustig í nóvember og voru þeir því í árslok 8,5%. Skuldabréfamarkaðurinn skilaði ágætri ávöxtun yfir árið og hækkaði vísitala Nasdaq Iceland fyrir 10

ára löng verðtryggð skuldabréf um 7,1% og vísitala Nasdaq Iceland fyrir 10 ára óverðtryggð skuldabréf hækkaði um 6,2% á árinu. Vísitala neysliverðs hækkaði um 4,8% á árinu 2024.

Skuldabréf gefin út af ÍL-sjóði

Í byrjun mars 2025 tilkynntu ráðgjafar 18 lífeyrissjóða og viðræðunefnd fjármála- og efnahagsráðherra sameiginlega niðurstöðu um að leggja fyrir fund skuldabréfaeigenda tillögu að uppgjöri HFF bréfa. Í tillögunum felst að kröfur verða efnar með afhendingu ríkisskuldabréfa, annarra verðbréfa og reiðufjár í gjaldeyri og íslenskum krónum. Tillögur ráðgjafa og viðræðunefndar verða lagðar fyrir fund skuldabréfaeigenda til samþykktar þann 10. apríl 2025 og þarfnast samþykkis 75% kröfuhafa. Jafnframt þarf að sækja heimild til Alþingis til að ljúka uppgjörinu með frumvarpi til fjárukalaga. Sjá nánar skýringu 14 í ársreikningi þessum.

Lán til sjóðfélaga

Töluverð eftirspurn var eftir sjóðfélagalánum á árinu

2024 og voru nýlánveitingar umfram uppgreiðslur á árinu. Eftirspurn eftir verðtryggðum lánum hefur aukist og vógu verðtryggð lán um 71% af nýlánveitingum á síðasta ári.


Binditími skuldabréfa

Meðaltími skuldabréfa segir til um hversu lengi höfuðstóll er bundinn að jafnaði og er vísbending um verðnæmni skuldabréfa ef markaðsvextir breytast. Þannig er hægt að áætla verðbreytingu skuldabréfs með því að margfalda vaxtabreytingu með meðaltíma þess. Sem dæmi má nefna að skuldabréf með 10 ára meðaltíma hækkar um 10% í verði ef vextir lækka um eitt prósentustig og öfugt.

Sjóðfélagalán taka ekki hefðbundnum markaðssveiflum og mynda því ákveðinn stöðugleika í blönduðu skuldabréfasafni.

Meðalávöxtun er vísbending um framtíðarávöxtun

Meðalávöxtun segir til um meðalávöxtunarkröfu skuldabréfa og er vísbending um hvaða ávöxtun söfnin geta gefið í framtíðinni ef markaðsvextir haldast óbreyttir.



Áhættudreifing

Myndin sýnir vægi 10 stærstu félaga í innlenda hlutafjarsafni Almenna. Samtals veга 10 stærstu eignirnar 54%, næstu 10 veга 25% og minni eignir 21%. Safnið er vel áhættudreift og engin ein eign sker sig úr í vægi eða stærð.

Innlend hlutabréf

Innlendur hlutabréfamarkaður átti undir högg að sækja stóran hluta ársins 2024. Markaðurinn rétti þó nokkuð úr kútnum á síðasta ársfjórðungi og hafði óskuldbindandi yfirtöku-tilboð JBT í Marel, sem sífellt varð líklegra að yrði samþykkt, veruleg áhrif á þá jákvæðu þróun. Heildarvísitala aðallista Nasdaq Iceland (OMXIGI) hækkaði um 14,7% á árinu.

Helstu breytingar 2024

Árið var líflegt á hlutabréfamarkaði þrátt fyrir lækkanir framan af ári. Það félag sem hækkaði mest á árinu var fasteignafélagið Heimar, eða um 62,5%. Miklar breytingar urðu á íslenska markaðnum við sameingu JBT og Marel, þegar eignahlutir í Marel runnu inn í sameinað fyrirtæki undir nafni JBTMarel. Hlutabréf Oculis voru skráð á aðallista Nasdaq Íslands á árinu og hlutabréf Kaldvíkur á First North vaxtarmarkaðinn. Þá fluttust hlutabréf flugfélagsins Play af First North yfir á aðallistann. Amaroq framleiddi sína fyrstu gullstöng og tvö félög skráð á aðalmarkað breyttu um nafn, fasteignafélagið

Reginn tók upp nafnið Heimar og váttryggingarfélagið VÍS heitir nú Skagi. Á aðallista Nasdaq Iceland eru nú skráð 28 hlutafélög og fimm eru skráð á First North markaðinn.

Almenni lífeyrissjóðurinn fjárfesti í innlendum hlutabréfum fyrir samtals 7,9 milljarða króna á árinu 2024, þar af 5,7 milljarða króna í skráðum félögum.



Hjaðnandi verðbólga og vaxtalækkunarferli hafði

Verðbólga hjaðnaði verulega á árinu og skapaðist von um vaxtalækkun á fyrri hluta ársins 2024, sem gæti stutt við eignaverð á helstu mörkuðum. Áfram dró úr hagvexti og var það helst vöxtur í útflutningi og hraður samdráttur innflutnings sem hélt hagvexti við. Seðlabankinn gerir þó ráð fyrir 1,7% hagvexti árið 2025 og væntingar eru til þess að vaxtalækkunarferli haldi áfram. Hófsamir kjarasamningar sem þegar hafa verið undirritaðir og vilji samningsaðila til að stuðla að verðstöðugleika styðja við væntingar um lægri verðbólgu og vexti og að hagkerfið leiti í jafnvægi. Líkur eru á því að Seðlabankinn nái verðbólgu nær markmiði sínu 2025.

Mikil gróska hefur átt sér stað í vísifyrirtækjum og nýsköpun á Íslandi og er sú þróun að skila efnilegum vaxtarfyrirtækjum. Þá heldur metnaðarfull uppbygging áfram í landeldisfyrirtækjum á Íslandi, sér í lagi á suðvesturhorni landsins. Þessi þróun mun hafa mikil áhrif og opna á áhugaverð fjárfestingatækifæri. Góðar líkur eru á fjölgun fyrirtækja í Kauphöll Íslands á árinu 2025.

Horfur í rekstri innlendra fyrirtækja

Við teljum ástæðu til bjartsýni en hóflegra væntinga um arðsemi fjárfestinga og fjármagns fyrir árið 2025. Horfur fyrir Ísland eru nokkuð góðar og enn er reiknað með hagvexti þótt spáð sé að atvinnuleysi hækki eitthvað eftir því sem líður á árið. Efnahagslífið mun að öllum líkindum styrkjast með komu fleiri ferðamanna til landsins eins og spár gera ráð fyrir og heilt yfir eru jákvæðar horfur í rekstri innlendra félaga. Ágætar forsendur eru fyrir því að 2025 gæti orðið fjárfestum hagfellt á hlutabréfamarkaði en óvissan er þó nokkur.



Erlendar eignir í ávöxtunarleiðum

Hér til hliðar kemur fram skipting eigna í ávöxtunarleiðum. Dökki hlutinn eru erlendar eignir og þar kemur fram hlutfallslegt vægi þeirra. Ávöxtunarleiðirnar, þ.e. Ævisafn I, II, III og samtryggingarsjóður voru um áramót nálægt stefnu safnanna í erlendum eignum.

Erlent eignasafn stækkar áfram

Erlent eignasafn Almenna lífeyrissjóðsins stóð í rúnum 210 milljörðum króna í árslok 2024 og hækkaði um 36 milljarða króna á árinu, sem er sambærilegur vöxtur og á árinu 2023. Eignaaukningin á árinu skýrist að stærstum hluta af hækkun á erlendum hlutabréfamarkaði en erlendar fjárfestingar á árinu námu um 8,4 milljörðum króna nettó. Stærstum hluta var ráðstafað í fjárfestingar í erlendum skuldabréfum og einnig var um að ræða innkallanir í sérhæfða hlutabréfa- og skuldabréfasjóði. Eignasafnið var á móti endurstíllt með reglubundum hætti með sölu á skráðum hlutabréfum og þannig dregið úr yfirvigt á hlutabréfum.

Talsverðar hækkanir voru á flestum hlutabréfamörkuðum á síðasta ári. Heimsvísitala hlutabréfa MSCI hækkaði um 18,7% í USD eða um 20,4% í íslenskum krónum þar sem krónan gaf eftir gagnvart Bandaríkjadal á árinu. Þetta er áframhald af góðri ávöxtun og jákvæðum viðsnúningi sem varð á árinu 2023. Þó að talsverðar sveiflur hafi verið á erlendum hlutabréfamörkuðum á síðustu árum þá hafa erlend hlutabréf

að jafnaði gefið góða ávöxtun undanfarin ár og hefur heimsvísitala hlutabréfa MSCI hækkað að jafnaði um 11,2% í USD síðastliðin fimm ár sem samsvarar um 14,2% árlegri nafnávöxtun í íslenskum krónum.

Hlutabréf stærsti eignaflokkurinn

Skráð hlutabréf vega tæp 74% af erlendum eignum. Til að ná sem bestri áhættudreifingu notar Almenni lífeyrissjóðurinn erlenda verðbréfasjóði við fjárfestingar í skráðum hlutabréfum. Við val á sjóðum er horft til ýmissa atriða eins og árangurs, kostnaðar, aðferða, stefnu um ábyrgar fjárfestingar, stýringaraðila og stöðugleika í rekstri. Áhersla er lögð á fjárfestingar í sjóðum þar sem áhættudreifing er mikil og kostnaður lágur.


Skuldabréf auka áhættudreifingu

Skráð skuldabréf vega í heildina tæp 9% af erlendum eignum lífeyrissjóðsins. Fjárfest er í ríkisskuldabréfum, fyrirtækja-

skuldabréfum og skammtímasjóði. Skuldabréfin eru mikilvæg til að auka áhættudreifingu í eignasófnum lífeyrissjóðsins og jafna sveiflur í ávöxtun. Vaxtastig erlendis er enn tiltölulega hátt og tækifæri á markaði hafa verið nýtt til fjárfestinga í skuldabréfum á góðum kjörum.

Sérhæfðir sjóðir – sveiflujöfnun og umframávöxtun

Sérhæfðir sjóðir vögu í heildina um 17% af erlendum eignum í árslok 2024 og er stærsti hlutinn í sjóðum sem fjárfesta í óskráðum hlutabréfum. Þá er jafnframt hluti í sérhæfðum sjóðum sem fjárfesta í m.a. lánasamningum og innviðum. Sérhæfðir sjóðir geta jafnað sveiflur í ávöxtun yfir ákveðin tímabil. Verðmæti sérhæfðra sjóða sem fjárfesta í óskráðum hlutabréfum sveiflast t.d. gjarnan með öðrum hætti en verðmæti skráðra hlutabréfa og eru sjóðirnir því mikilvægir til að draga úr sveiflum. Slíkir sjóðir hafa jafnframt skilað ágætri ávöxtun undanfarin ár og er markmið þeirra að skila ávöxtun umfram skráð hlutabréf á markaði.



Eignir	
Hlutabréfasjóðir	ma.kr.
iShares Developed World ESG Screened Index	33,8
Vanguard ESG Developed All Cap Equity Index	33,3
iShares Developed World Index	25,1
Vanguard Global Stock Index	22,2
Storebrand Global ESG Plus	20,1
T.Rowe Price Global Focused Growth Equity	11,4
GuardCap Global Equity	9,3
	155,3

Áhættudreifing

Áhersla er lögð á að dreifa áhættu í fjárfestingum á erlendum mörkuðum. Til að ná sem mestri áhættudreifingu notar lífeyrissjóðurinn erlenda sjóði, bæði verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði við fjárfestingar og í erlendum hlutabréfafjárfestingum er hlutfall vísitölusjóða jafnframt hátt.

Hlutabréfasjóðir

Erlend skráð hlutabréf eru að jafnaði keypt með milligöngu verðbréfasjóða (UCITS) og óskráð erlend hlutabréf eru að jafnaði keypt með milligöngu sérhæfðra sjóða. Stefnt er að því að um 70% af erlendri hlutabréfaeign séu markaðssjóðir sem fjárfesta í sömu hlutföllum og hlutabréf vega á markaði m.v. skilgreindar viðmiðunarvísitölur. Stefnt er að því að um 15% af erlendri hlutabréfaeign séu virkir sjóðir, þ.e. sjóðir sem velja verðbréf með það að markmiði að ná hærri ávöxtun en viðmiðunarvísitala. Jafnframt er stefnt að því að um 15% af erlendri hlutabréfaeign sé í sérhæfðum sjóðum sem fjárfesta í óskráðum hlutafélögum.

Aukin samþjöppun

Mikil áhættudreifing einkennir erlenda hlutabréfasafnið. Safnið á hlutdeild í ríflega 4700 skráðum fyrirtækjum víðsvegar um heim og fjárfestir að auki í óskráðum hlutabréfum í gegnum sérhæfða sjóði og eignadreifing safnsins skilar sér inn

í þær ávöxtunarleidir sem fjárfesta í hlutabréfum. Hinsvegar hefur aukin samþjöppun á skráðum hlutabréfamarkaði og vöxtur fyrirtækja m.a. í upplýsingatækni undanfarin ár leitt til þess að áhætta á einstök fyrirtæki í dreifðum sjóðum hefur aukist. Þannig vega 100 stærstu fyrirtækin í heimsvísitölu hlutabréfa MSCI nú um 53% af vísitölnunni og sjö stærstu fyrirtækin vega um 23% af vísitölnunni. Þessi sjö fyrirtæki, Apple, Microsoft, Alphabet, Amazon, Nvidia, Meta og Tesla, hafa leitt hækkunir á markaði undanfarin ár og vaxið hratt.

Landaskipting og atvinnugreinar

Sjóðurinn stefnir að því að landaskipting og atvinnugreinaskipting erlendra hlutabréfa sé sambærileg og í heimsvísitölu hlutabréfa, MSCI. Þessi hlutföll geta þó orðið eitthvað frábrugðin heimsvísitölnunni vegna virkra hlutabréfasjóða sem velja einstök fyrirtæki og vísitölusjóða sem hafa aðra viðmiðun en heimsvísitölu hlutabréfa MSCI.

Sjálfbærni

Í samræmi við stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar, er áhersla lögð á sjálfbærni í erlendum hlutabréfafjárfestingum. Um 70% af skráðu hlutabréfasafni sjóðsins eru í verðbréfasjóðum þar sem sjálfbærni er innleidd í fjárfestingarferli sjóðs (grein 8 í SFDR reglugerð ESB) eða í sjóðum sem hafa sérstök sjálfbærnimarkmið (grein 9 í SFDR reglugerð ESB).

Vægi erlendra eigna í söfnum

Vægi erlendra hlutabréfa í blönduðum söfnum, þ.e. Ævisafni I, II, III og samtryggingarsjóði var nálægt fjárfestingarstefnu safnanna í eignaflokknum í lok árs 2024. Ævisafni I stefnir að því að eiga 45% í skráðum hlutabréfum og 10% í sérhæfðum hlutabréfasjóðum, Ævisafni II og samtryggingarsjóður stefna að því að eiga 35% í skráðum hlutabréfum og 8% í sérhæfðum hlutabréfasjóðum og Ævisafni III stefnir að því að eiga 19,5% í skráðum hlutabréfum og 4,5% í sérhæfðum hlutabréfasjóðum.



Eignir	%	ma.kr.
Stærstu flokkar		
Ríkisskuldabréf, skráð	45,9	11,9
Fyrirtækjaskuldabréf, skráð	20,3	5,3
Lánasjóðir, óskráð	22,0	5,7
Skammtímasjóður & laust fé	11,8	3,1
<i>M.v. mars 2025</i>	100,0	26,0

Vaxandi skuldabréfasafn

Með auknu vægi erlendra eigna í ávöxtunarleiðum Almenna lífeyrissjóðsins hefur vægi erlendra skuldabréfa verið aukið í fjárfestingarstefnu blandaðra ávöxtunarleiða Almenna, þ.e. Ævisafns I, II, III og samtryggingarsjóðs. Fjárfest er í ríkisskuldabréfum, fyrirtækjaskuldabréfum, skammtímasjóði og sérhæfðum lánasjóðum.

Aukin áhættudreifing

Undanfarin ár hefur áhersla verið lögð á að auka vægi erlendra fjárfestinga í eignasafni lífeyrissjóðsins, til að ná vægi í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Samhliða því hefur hlutfallslegt vægi erlendra skuldabréfa á móti hlutabréfum verið aukið. Markmiðið með því er að auka áhættudreifingu í ávöxtunarleiðum lífeyrissjóðsins og þannig að jafna sveiflur í ávöxtun. Erlend hlutabréf vega áfram langþýngst í erlendu eignasafni sjóðsins, en dregið hefur úr áhættudreifingu á skráðum hlutabréfamarkaði undanfarin ár vegna aukinnar samþjöppunar, þar sem stærstu fyrirtækin á skráðum markaði eru sífellt að verða stærri. Það eykur samþjöppunaráhættu í ávöxtunarleiðum lífeyrissjóðsins, þar sem einstök fyrirtæki vega mun þyngra en þau gerðu áður. Aukin eignadreifing fæst með fjárfestingu í fleiri eignaflokkum og á síðustu misserum hafa fjárfestingar í erlendum ríkisskuldabréfum, fyrirtækjaskuldabréfum og sérhæfðum lánasjóðum verið auknar.

Erlend skráð skuldabréf eru að jafnaði keypt með milligöngu

verðbréfasjóða (UCITS) og óskráð erlend skuldabréf eru að jafnaði keypt með milligöngu sérhæfðra lánasjóða.

Skráð ríkisskuldabréf í eignasafni lífeyrissjóðsins eru að stærstum hluta gefin út af bandaríska ríkinu en aðrir útgefendur eru m.a. ríki í Evrópu og þar eru stærst Frakkland og Þýskaland. Skráð fyrirtækjaskuldabréf eru í dreifðu safni skuldabréfa sem að stærstum hluta hafa lánshæfismat í fjárfestingarflokki. Þá er fjárfest í óskráðum skuldabréfum hjá sérhæfðum stýringaraðilum, í gegnum lánasjóði þar sem áhersla er lögð á lánveitingar til fyrirtækja sem eru með sterkt sjóðstreymi. Alla jafna eru lán í slíkum sjóðum með breytilegum vöxtum og með veðtryggingum.

Hátt vaxtastig á skuldabréfamarkaði

Vextir á skuldabréfamarkaði bæði í Bandaríkjunum og Evrópu hækkuðu mikið á árunum 2021 og 2022 eftir lágvaxtaumhverfi í heimsfaraldri Covid 19. Vextir náðu ákveðnu hámarki á árinu 2023 en eru enn tiltölulega háir þrátt fyrir að vaxtalækkunarferli flestra ríkja heims sé

hafið. Talsverðar sveiflur og óvissa hefur verið í heimshagkerfinu á árinu 2024 og það sem af er ári 2025, m.a. vegna stríðsátaka og stefnubreytinga nýrra ráðamanna í Bandaríkjunum og endurspeglast það m.a. í því að vextir á markaði hafa aftur verið að þökast upp víða um heim. Vaxtakjör á erlendum skuldabréfamarkaði eru því ennþá hagstæð fyrir fjárfesta og tækifæri til að fjárfesta í skráðum og óskráðum skuldabréfum á hærri ávöxtunarkröfu en undanfarin ár og áratugi.

Vægi erlendra skuldabréfa í söfnum

Vægi erlendra skuldabréfa í blönduðum söfnum, þ.e. Ævisafni I, II, III og samtryggingarsjóði var í heildina nálægt fjárfestingarstefnu safnanna í eignaflokknum í lok árs 2024. Ævisafn I stefnir að því að eiga 4% í erlendum skuldabréfum, Ævisafn II og samtryggingarsjóður stefna að 6% vægi og Ævisafn III stefnir að 9% vægi í eignaflokknum, sem hlutfall af heildareignum safnsins.

Tíu stærstu útgefendur skuldabréfa

Útgefendur skuldabréfa	Samtr- sjóður	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Skuldabréfa safn
Sjóðfélagalán	13,1%	6,9%	10,7%	17,2%	51,5%
Ísland – ríkisskuldabréf	10,9%	6,4%	10,6%	10,6%	28,2%
Reykjavíkurborg	2,3%	1,2%	2,1%	1,6%	
Bandaríkin – ríkisskuldabréf	2,2%	1,5%	2,2%	3,6%	
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	1,7%	0,9%	1,5%		
Orkuveita Reykjavíkur	1,0%	0,6%	0,9%		
Reitir fasteignafélag hf.	0,9%	0,9%	1,4%	3,1%	1,1%
Heimar hf.	0,9%	0,6%	1,0%	1,5%	0,4%
Eik fasteignafélag hf.	0,7%	0,7%	1,2%	2,6%	0,9%
Íslandsbanki hf.	0,7%	0,8%	1,3%	3,0%	1,1%
Arion banki hf.					5,1%
Landsbankinn hf.				1,9%	0,7%
IS Fyrirtækjalánasjóðurinn hs.				1,3%	0,5%
Ípaka fasteignir ehf.					0,4%
Samtals vægi	34,5%	20,4%	33,0%	46,3%	89,9%
Heildarstærð í mö.kr.	224,3	59,9	101,4	53,0	1,2

Taflan hér til hliðar birtir eingöngu hlutföll fyrir útgefendur sem eru í hópi 10 stærstu í hverju safni fyrir sig. Ef það er ekkert hlutfall hjá viðkomandi útgefendum þá þarf það ekki að tákna að viðkomandi ávöxtunarleið eigi engin verðbréf útgefin af viðkomandi útgefanda.

Ólíkt vægi skuldabréfa

Ríkisskuldabréf og veðtryggt sjóðfélagalán vega þyngst. Samanlagt vega 10 stærstu útgefendur skuldabréfa misþungt í ávöxtunarleiðunum hér til hliðar eða frá rúmum 20% upp í tæp 90% af eignum. Skuldabréfasafnið fjárfestir í innlendum skuldabréfum á meðan hin söfnin fjárfesta í innlendum og erlendum hlutabréfum og skuldabréfum.

Lánshæfismat og viðmiðanir

Við kaup á skuldabréfum er m.a. horft til fjárhagslegs styrkleika útgefenda. Við kaup á erlendum skuldabréfum útgefenda með opinbert lánshæfismat skal miðað við að útgefandi hafi a.m.k. lánshæfismat eins og fram kemur í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Við kaup á skuldabréfum sem hafa ekki lánshæfismat skulu sjóðstjórar yfirfara atriði sem talin eru upp í V.kafla fjárfestingarstefnunnar og meta hvort útgefendur uppfylli skilyrði um traustan efnahag og góða rekstrarafkomu. Almennt er mati á útgefanda skipt upp í eðlislæga og mælanlega þætti útgefanda og útgáfunnar. Eðlislægir þættir eru t.d. atvinnugrein, lagaumhverfi og skilmálar útgáfu. Þeir mælanlegu þættir sem horft er til eru fjármagnsskipan, greiðslugeta og arðsemi.

Skilmálar til að tryggja endurgreiðslu

Sjóðurinn fer fram á að óveðtryggt skuldabréf innihaldi skilmála til að tryggja endurgreiðslu bréfanna. Skilmálarnir fjalla

um upplýsingaskyldu, eiginfjárvöð, breytingar á grundvallarrekstrarþáttum, breytingar á eignarhaldi, um sölu eigna, um skuldsetningu, um veðsetningu eigna, um vanskil annarra skuldbindinga, um rétt kröfuhafa, vaxtaþekju og fleira.

Stærstu útgefendur

Ríkissjóður er stærsti útgefandi skuldabréfa í blönduðu söfnunum, sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum. Vægi skuldabréfa með ríkisábyrgð lækkaði á árinu 2024 hjá samtryggingarsjóði frá fyrra ári en jókst hjá Ævisöfnunum. Bakvið sjóðfélagalánin eru um 1.655 greiðendur. Þegar við horfum í gegnum skuldabréfatengda verðbréfasjóði og undirliggjandi lántakendur sjóðfélagalána þá er fjöldi útgefenda skuldabréfa og skuldabréfatengdra sérhæfðra sjóða um 4.458. Ef sjóðfélagalán eru talin sem einn útgefandi eru samtals um 2.804 útgefendur. Vægi útgefenda er nokkuð breytilegt milli safna en það ræðst m.a. af markmiði um sparnaðartíma og vægi erlendra verðbréfa. Í Ævisafni III er um 10,9% eigna

ávaxtað á innlánsreikningum, hjá Íslandsbanka (3,6%), Landsbankanum (4,4%) og Arion banka (3,0%).

Önnur söfn

Eins og nafn Ríkissafnsins gefur til kynna er ríkissjóður og útgefendur með ríkisábyrgð einu útgefendur skuldabréfa í safninu en það hefur einnig heimild til að hafa hluta eigna í innlánunum. Innlánasafnið ávaxtar eignir sínar á innlánsreikningum hjá Íslandsbanka (31%), Arion banka (34%), Landsbankanum (29%) og Kviku banka (6%). Inneignir sjóðfélaga í Innlánasafninu falla undir ákvæði laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar. Húsnæðissafninu var breytt yfir í Skuldabréfasafn undir lok árs 2024 og fjárfestir safnið nú einnig í stuttum skuldabréfum öðrum en ríkisbréfum og sjóðfélagalánunum. Skuldabréfasafnið er ekki stórt í samanburði við hin söfnin en það er um 1.175 m.kr. að stærð og vega sjóðfélagalánin um 51,5%, innlán um 9,1%, ríkisbréf um 28,2% og aðrir útgefendur vegur minna.

Tíu stærstu útgefendur hlutabréfa

Útgefendur hlutabréfa	Samtr- sjóður	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III
🌐 Apple Inc	1,9%	2,5%	1,9%	1,1%
🌐 Microsoft Corp	1,7%	2,2%	1,7%	0,9%
🌐 NVIDIA Corp	1,7%	2,2%	1,7%	0,9%
🌐 Alphabet Inc	1,1%	1,5%	1,1%	0,6%
🌐 Amazon.com Inc	1,1%	1,4%	1,1%	0,6%
🇫🇮 Festi hf.	1,0%	1,2%	1,0%	0,5%
🇫🇮 Arion banki hf.	1,0%	1,2%	1,0%	0,5%
🇫🇮 Eik fasteignafélag hf.	0,9%	1,1%	0,9%	0,4%
🇫🇮 HSV eignarhaldsfélag slhf.	0,8%	1,0%	0,8%	0,4%
🌐 Meta Platforms Inc	0,7%		0,7%	
🇫🇮 JBT Marel		0,9%		0,3%
Samtals vægi	11,9%	15,2%	12,0%	6,4%
Heildarstærð í mö.kr.	224,3	59,9	101,4	53,0

Taflan hér til hliðar birtir eingöngu hlutföll fyrir útgefendur sem eru í hópi 10 stærstu í hverju safni fyrir sig. Ef það er ekkert hlutfall hjá viðkomandi útgefendum þá þarf það ekki að tákna að viðkomandi ávöxtunarleið eigi engin hlutabréf útgefin af viðkomandi útgefanda.

Vaxandi hlutabréfasafn

Vægi hlutabréfa í blönduðu söfnunum hækkaði lítillega frá fyrra ári. Einstakir útgefendur vega lítið vegna áhættudreifingar í söfnum en vægi erlendra hlutabréfa jókst á árinu. Tíu stærstu útgefendur hlutabréfa vega mismikið eftir söfnum í takt við fjárfestingarstefnur þeirra en mesta vægið er í Ævisafni I eða 15,2% og minnsta vægið er í Ævisafni III eða 6,4%.

Hlutabréf

Sagan segir að hlutabréf skili hæstu ávöxtuninni á löngum tíma og að ávöxtun þeirra sveiflist mest. Hlutabréf eru aftast í kröfuröðinni og því er tapsáhætta þeirra einnig mest. Þess vegna skiptir áhættudreifing öllu máli þegar fjárfest er í hlutabréfum. Þar sem innlendir hlutabréfamarkaður er tiltölulega lítill og með fáum útgefendum vega erlend hlutabréf þyngra en innlend í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Samkvæmt fjárfestingarstefnunni fyrir samtryggingarsjóð er stefnt að því að erlend hlutabréf ásamt sérhæfðum sjóðum vegi 43% með vökmörkin 25% til 60% og innlend hlutabréf ásamt sérhæfðum sjóðum vegi 12% með vökmörkin 4% til 18% af eignum sjóðsins. Þessi hlutföll eru mismunandi eftir stefnum hvernar ávöxtunarleiðar fyrir sig. T.a.m. er Ævisafn III með lægsta hlutfall erlendra hlutabréfa í stefnu sinn á meðan það er hvað hæst í Ævisafni I. Á árinu 2024 breyttist vægi hlutabréfa í blönduðu söfnunum lítið eða hækkaði lítillega.

Erlend hlutabréf

Erlend hlutabréf eru keypt með milligöngu verðbréfasjóða (UCITS) og hlutabréfatengdra sérhæfðra sjóða. Við greiningu hlutabréfaeignar Almenna í einstökum erlendum hlutafélögum er horft í gegnum verðbréfasjóði sem sjóðurinn á hlutdeild í.

Innlend hlutabréf

Uppbygging innlenda hlutabréfasafnsins fer að meirihluta fram með fjárfestingum í skráðum hlutafélögum og óskráðum sérhæfðum sjóðum. Stefnt er að því að byggja upp safn fyrirtækja sem hafa sterkan tekjugrunn, traustan efnahag og geta skilað góðri ávöxtun til framtíðar. Hlutabréfasafninu er stýrt með virkri stýringu og beita sjóðstjórar faglega viðurkenndum aðferðum við verðmat og áhættugreiningu.

Stærstu útgefendur

Í árslok 2024 voru um 4.690 útgefendur hlutabréfa og hlutabréfatengdra sérhæfðra sjóða í söfnum Almenna, þegar horft er í gegnum erlenda verðbréfasjóði. Vegna fjölda útgefenda er vægi einstakra útgefenda tiltölulega lítið og því vega 10 stærstu útgefendur hlutabréfa mun minna en vægi stærstu útgefenda skuldabréfa. Stærstu innlendu útgefendur hlutabréfa í eigu sjóðsins eru Festi, Arion banki, Eik fasteignafélag, HS Veitur og JBT Marel. Stærstu erlendu útgefendurnir eru bandarísku tæknirisarnir Apple, Microsoft, Nvidia, Alphabet (Google), Amazon og Meta.

Ársreikningur

Almenna lífeyrissjóðsins 2024

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyris-sjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyris-sjóða. Sjóðurinn metur öll markaðsverðbréf á markaðsverði en veðskuldabréf eru metin á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum að frádreginni virðisrýrnun.

Eignir og fjöldi sjóðfélaga

Í árslok 2024 nam hrein eign til greiðslu lífeyris 477 milljörðum króna og stækkaði sjóðurinn um 62 milljarða eða um 14,8% á árinu. Sjóðfélagar í árslok voru 63.414 og fjölgaði þeim um 5,4% milli ára. Hrein eign til greiðslu lífeyris í séreignarsjóði var 252 milljarðar og í samtryggingarsjóði 225 milljarðar.

Iðgjöld

Greidd iðgjöld til sjóðsins árið 2024 voru samtals 25,4 milljarðar sem er 9,5% hækkun frá árinu áður. Iðgjöldin skiptust þannig að lágmarksiðgjöld voru 19,5 milljarðar og viðbótariðgjöld 5,8 milljarðar. Á árinu greiddu 11.883 sjóðfélagar að meðaltali til samtryggingarsjóðs á móti 11.200 árið áður sem er 6,1% fjölgun milli ára. Iðgjöld í samtryggingarsjóð námu alls 10,9 milljörðum sem er 9,5% hækkun milli ára. Á árinu greiddi 7.121 sjóðfélagi að meðaltali viðbótarsparnað til séreignarsjóðs á móti 6.951 árið áður sem er 2,4% aukning milli ára. Iðgjöld í séreignarsjóð voru 14,5 milljarðar sem er 9,5% hækkun frá árinu áður.

Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur samtryggingarsjóðs voru alls 5,5 milljarðar árið 2024 sem er 18,6% hækkun frá árinu áður. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 3.490. Lífeyrisgreiðslur séreignarsjóðs námu alls 8,2 milljörðum sem er 16,6% hækkun frá árinu áður. Á árinu var greiddur 1,2 milljarður inn á húsnæðislán til 2.984 sjóðfélaga og 70,1 milljónir vegna kaupa á fyrstu íbúð fyrir 88 sjóðfélaga samkvæmt úrræði ríkisstjórnarinnar sem heimilar sjóðfélögum að greiða tímabundið inn á höfuðstól

húsnæðislána og verja uppsöfnuðu iðgjaldi til kaupa á fyrstu íbúð á tíu ára tímabili.

Sjóðfélagalán

Sjóðurinn lánaði sjóðfélögum 8,9 milljarða með veði í fasteignum árið 2024, en árið á undan voru veitt ný lán fyrir 9,7 milljarða. Á árinu voru greidd upp eldri lán fyrir 3,5 milljarða þannig að nettó lánveitingar námu 5,4 milljörðum en árið á undan nam uppgreiðsla eldri lána 2,2 milljörðum og nettó lánveitingar voru 7,5 milljarðar.

Verðbréfaeign og ávöxtun

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í verðbréfum fyrir 56,8 milljarða á árinu 2024 og eru upplýsingar um eignasamsetningu ávöxtunarleiða í ársreikningnum.

Árið 2024 reyndist fjárfestum hagfelld, þar sem helstu verðbréfamarkaðir skiluðu góðri ávöxtun. Allar ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins sýndu jákvæða nafnávöxtun á bilinu 6,6% til 13,8% og raunávöxtun frá 1,7% til 8,7%. Hæsta ávöxtunin var í Ævisafni I, sem hækkaði um 13,8%, sem jafngildir 8,7% raunávöxtun.

Horfur í upphafi árs 2025 eru nokkuð blandaðar. Verðbólga hefur hjaðnað í mörgum löndum, sem ætti að skapa svigrúm fyrir vaxtalækkun. Í Bandaríkjunum hefur nýr forseti tekið við embætti, og nokkur óvissa ríkir um áhrif nýrrar stjórnarstefnu á heimshagkerfið. Forsetinn boðar innleiðingu tolla til að vernda bandarískan iðnað, sem gæti leitt til tollastríðs með mögulegum áhrifum á alþjóðlega hlutabréfamarkaði. Hagvöxtur í Bandaríkjunum er ágætur, og markaðsaðilar gera nú ráð fyrir að frekari vaxtalækkanir Seðlabanka Bandaríkjanna muni dragast lengur en áður var talið. Áframhaldandi stríðsátök eru í Úkraínu en nýlegar tilraunir til samninga hafa vakið vonir um frið. Við botn Miðjarðarhafs hefur verið samið um vopnahlé en ástandið þar er enn brothætt. Á Íslandi er verðbólga á niðurlæð og Seðlabankinn hefur hafið vaxtalækkunarferli. Markaðsaðilar gera ráð fyrir að vextir lækki nokkuð á árinu.

Þó ríkir óvissa vegna jarðhræringa, sem gætu haft áhrif á hagkerfið. Ný ríkisstjórn boðar innleiðingu auðlindagjalda á sjávarútveg og ferðaþjónustu, sem skapar óvissu fyrir stærstu útflutningsgreinar landsins og gæti dregið úr fjárfestingum. Á móti kemur að hagkerfið er í miklum vexti, og langtímahorfur eru jákvæðar.

Laun og fjöldi stöðugilda

Laun og launatengd gjöld starfsmanna, stjórnar, kjörnefndar og endurskoðunarnefndar námu 590 milljónum á árinu. Hækkun orlofsskuldbindingar milli ára nam 44,5 milljónum. Stöðugildi voru 24 í lok árs.

Tryggingafræðileg staða

Við mat á fjárhagsstöðu samtryggingarsjóðs eru eignir bornar saman við skuldbindingar. Tryggingafræðileg staða skiptist í þrjá hluta.

1. Áunnin staða. Núverandi eignir eru bornar saman við skuldbindingar vegna réttinda sem sjóðfélagar eru búnir að ávinna sér með greiðslum í sjóðinn.
2. Framtíðarstaða. Núvirði iðgjalda virkra sjóðfélaga til 70 ára aldurs er borið saman við réttindi sem framtíðariðgjöld mynda.
3. Heildarstaða, samanburður á heildareignum og heildarskuldbindingum. Heildareignir eru samtala núverandi eigna og núvirði framtíðariðgjalda. Heildarskuldbindingar eru samtala áunninna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við mat á skuldbindingum samtryggingarsjóðs.

1. Ávöxtun 3,5% umfram vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.
2. Sérhæfðar lífslíkur miðað við reynslu sjóðfélaga á tímabilinu 2018 til 2022. Gert er ráð fyrir lækkanði dánartíðni til framtíðar skv. spálíkani Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT), sem staðfest var af fjármála- og

efnahagsráðherra í desember 2021. Sérhæfðar dánarlíkur fyrir sjóðfélaga eru um 80% af almennum dánarlíkum.

3. Sérhæfðar örorkulíkur miðað við reynslu sjóðsins árin 2010 til 2014.
4. Íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur skv. stöðluðum forsendum og byggja á reynslu árána 2019–2023.

Frá árinu 2020 hefur Talnakönnun gert ráð fyrir sérstöku frádragi á dánarlíkur sjóðfélaga Almenna lífeyrissjóðsins, sem nemur 20% af staðalforsendum íslenskra lífeyrissjóða. Þessi forsendubreyting byggir á athugun frá árinu 2020, sem tók til tímabilsins 2014–2018. Í nóvember 2023 framkvæmdi Talnakönnun nýja athugun á dánartíðni sjóðfélaga á árunum 2015–2022, þar sem borin voru saman hefðbundnar staðalforsendur og staðalforsendur með 20% frádragi. Niðurstöðurnar sýndu að 20% frádrátturinn var lýsandi fyrir raunverulega dánartíðni sjóðfélaga á tímabilinu 2015–2022.

Tryggingafræðileg úttekt í lok árs 2024 reiknuð miðað við ofangreindar forsendur sýnir að heildareignir samtryggingarsjóðs nema 388,4 milljörðum króna sem samanstendur af núverandi eignum og núvirtum framtíðariðgjöldum. Heildarskuldbindingar sjóðsins nema 397,8 milljörðum króna sem þýðir að skuldbindingar umfram eignir eru 9,4 milljarðar króna. Niðurstaða úttektarinnar er sú að áfallnar skuldbindingar eru 4,1% umfram eignir. Núvirði framtíðariðgjalda umfram núvirði framtíðarskuldbindinga nemur 0,2% af framtíðarskuldbindingum. Þegar áfallin staða og framtíðarstaða eru teknar saman eru heildarskuldbindingar 2,4% umfram eignir. Sjóðurinn er þó innan þeirra marka sem sett eru í lögum.

Áfallin staða hefur batnað verulega frá síðustu úttekt, úr -7,7% í -4,1% af skuldbindingum. Þessi bæting um 3,6 prósentustig skýrist að mestu af góðri ávöxtun á árinu 2024. Hrein raunávöxtun samtryggingarsjóðs nam 7,4% og nafnávöxtun 12,5%. Á sama tíma var reiknuð hækkun skuldbindinga samtals 8,5%. Skuldbindingarnar eru að fullu verðtryggðar og hækkðu um 4,8% vegna verðbólgu og um 3,5% vegna reiknaðrar raunávöxtunar.

Fjármálaráðuneytið tilkynnti í desember 2021 að lífeyrissjóðir skyldu taka upp nýjar líftöflur við mat á skuldbindingum samtryggingadeilda. Nýju líftöflurnar gera ráð fyrir lengri meðalævi komandi kynslóða, sem þýðir að sjóðfélagar lifa lengur en áður var gert ráð fyrir. Þar sem lífeyrissjóðir greiða ellilífeyri til æviloka leiðir aukinn lífaldur til lengri greiðslutíma lífeyris, sem aftur eykur skuldbindingar sjóðanna. Hæstiréttur staðfesti með dómi 27. nóvember 2024 í máli Lífeyrissjóðs verzlunarmanna gegn sjóðfélaga að heimilt sé að aðlaga réttindi sjóðfélaga eftir aldri vegna nýrra líftaflna. Í málinu var deilt um hvort sjóðnum hafi verið heimilt að breyta réttindum sjóðfélaga á grundvelli aldursháðrar aðlögunar. Dómurinn er forðemisgefandi fyrir aðra lífeyrissjóði og staðfestir lögmæti slíkrar réttindaaðlögunar. Niðurstaðan er í fullu samræmi við breytingar á réttindum sem samþykktar voru á ársfundi Almenna lífeyrissjóðsins 31. mars 2022.

Önnur mikilvæg atriði

Árið var fyrsta starfsár sjóðsins í nýju húsnæði á Dalvegi 30. Vel fer um starfseminna á nýjum stað og þar er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum. Sjóðurinn hvetur sjóðfélaga sem vilja hitta ráðgjafa sjóðsins á skrifstofu eða á fjarfundi að bóka tíma sem er hægt að gera á einfaldan hátt á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2025 var samþykkt af stjórn sjóðsins þann 27. nóvember 2024. Litlar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnu blandaðra ávöxtunarleiða, Ævisafns I–III og samtryggingarsjóðs, á milli ára. Hlutföllum einstakra eignaflokka í stefnu safnanna hefur verið hnikað til og lítilsháttar breytingar gerðar á viðmiði fyrir meðallíftíma skuldabréfa. Helstu breytingar milli ára eru eftirfarandi:

1. Stefna um fjárfestingar í erlendum sérhæfðum hlutabréfasjóðum var aukin lítillega, úr 7% í 8% í Samtryggingarsjóði og Ævisafni II, úr 4% í 4,5% í Ævisafni III og úr 9% í 10% í Ævisafni I. Á móti er dregið úr vægi skráðra erlendra hlutabréfa í stefnu safnanna. Er þessi breyting

gerð með sveiflujöfnun og hærri vænta ávöxtun í huga og áhættudreifingarsjónarmið vegna hér jafnframt þungt, en samþjöppun á skráðum erlendum hlutabréfamarkaði hefur aukist talsvert á undanföllum árum.

2. Stefna um fjárfestingar í erlendum skuldabréfum var jafnframt aukin lítillega, úr 5% í 6% í Samtryggingarsjóði og Ævisafni II og úr 3,5% í 4% í Ævisafni I. Á móti var dregið úr vægi innlána.
3. Breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnu Húsnæðisafns á þann hátt að safnið stefni að fjárfestingum í dreifðu safni innlendra skuldabréfa, bæði ríkisskuldabréfum, sértryggðum skuldabréfum, sveitarfélagabréfum, fyrirtækjaskuldabréfum og veðskuldabréfum, í stað þess að stefna að fjárfestingum að mestu í veðskuldabréfum og ríkisskuldabréfum. Til samræmis við breytta stefnu var nafni safnsins breytt í Skuldabréfasafn.
4. Ákveðið var að stofna nýja ávöxtunarleið sem fjárfestir í erlendum verðbréfum og ber nafnið Erlent verðbréfasafn. Fjárfestingarstefna gerir ráð fyrir að safnið fjárfesti um 70% í erlendum hlutabréfum og 30% í erlendum skuldabréfum. Erlenda verðbréfasafnið er sjöunda ávöxtunarleiðin sem sjóðfélagar geta valið og góð viðbót við fjölbreytt úrval hjá Almenna. Safnið hentar vel fyrir sjóðfélaga sem þola sveiflur í ávöxtun og vilja fjárfesta viðbótarlífeyrissparnað sinn alfarið erlendis, í blönduðu safni hlutabréfa og skuldabréfa

Sjóðfélagar eru hvattir til að kynna sér fjárfestingarstefnu sjóðsins sem birt er á heimasíðu hans.

Stjórn sjóðsins hélt árlegan fund án starfsmanna í febrúar til að framkvæma árangursmat og yfirfara stjórnarhætti. Annað árið í röð var samið við PricewaterhouseCoopers um ráðgjöf og aðstoð við endurmat stjórnarstarfa. Farið var yfir fræðslumál og þá sérstaklega til nýrra stjórnarmanna. Einnig var rætt um fyrirkomulag stjórnarfunda og dagskrá, um varamenn í stjórn, virkni undirnefnda, endurgjöf til stjórnenda og fleira. Stjórn dró síðan saman áherslupunkta um helstu atriði til að gera stjórnarstörfin enn markvissari.

Í janúar var gerður samstarfssamningur um séreignarsparnað við Brú lífeyrissjóð. Samstarfið felst í því að Brú mun benda sjóðfélögum sínum á ávöxtunarleiðir Almenna fyrir séreignarsparnað, bæði fyrir séreign sem myndast með greiðslu lágmarksiðgjalds og viðbótariðgjalds (viðbótarlífeyrissparnaðar). Á síðustu árum hefur áhugi á séreignarsparnaði aukist, meðal annars vegna hækkunar á skyldu-
iðgjaldi í lífeyrissjóð og auknum sveigjanleika til að greiða í séreign. Vegna þessa skoðaði Brú þann möguleika að stofna að nýju séreignardeild og deild fyrir tilgreinda séreign. Eftir greiningarvinnu var fallið frá þeim áformum og ákveðið að ganga til samstarfs við Almenna lífeyrissjóðinn. Stjórn Almenna er stolt af samstarfinu við Brú lífeyrissjóð, sem hefur náð eftirtektarverðum árangri í uppbyggingu sjóðsins og sameiningu lífeyrissjóða sveitarfélaga. Það er mikil viðurkenning að Brú mæli með ávöxtunarleiðum Almenna fyrir séreignarsparnað.

Í október 2022 tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra um mögulegar aðgerðir vegna stöðu ÍL-sjóðs og óskaði eftir viðræðum við eigendur HFF skuldabréfa um uppgjör sem miðast við höfuðstól og áfallna vexti og verðbætur. Þann 23. febrúar 2024 tilkynnti Fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir

hönd ÍL-sjóðs og íslenska ríkisins, og fulltrúar 18 lífeyrissjóða (þ.am. Almenni lífeyrissjóðurinn), sem saman fara með stærstan hluta skuldabréfa sem ÍL-sjóður er útgefandi að, um að ákveðið hafi verið að hefja viðræður um uppgjör á skuldabréfum sjóðsins. Ráðgjafar lífeyrissjóðanna og viðræðunefnd fjármála- og efnahagsráðherra tilkynntu í byrjun mars 2025 sameiginlega niðurstöðu um að leggja fyrir fund skuldabréfaeigenda tillögu að uppgjöri HFF-bréfa sem greiða mun fyrir slitum ÍL-sjóðs. Í tillögunum felst að kröfur verða efnar með afhendingu ríkisskuldabréfa, annarra verðbréfa og reiðufjár í gjaldeyri og íslenskum krónum. Með þessu verður ÍL-sjóði gert kleift að standa við skuldbindingar sínar gagnvart eigendum HFF-bréfanna og öðrum kröfuhöfum. Tillögur ráðgjafa og viðræðunefndar verða lagðar fyrir fund skuldabréfaeigenda til samþykktar, en samþykki 75% kröfuhafa þarf til. Reiknað er með að sá fundur fari fram í apríl. Verði tillögurnar samþykktar mun fjármála- og efnahagsráðherra í framhaldi sækja heimild til Alþingis til að ljúka uppgjörinu með frumvarpi til fjáráukalaga.

Ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins hafa fjárfest í eignum sem eru staðsettar á Reykjanesi. Eignirnar er tengjast Reykjanesinu eru bundnar í félögum sem eiga beint eða

óbeint í HS Orku, HS Veitum og Bláa lóninu og skuldabréfum útgefnum af HS Veitum. Samtals var verðmæti þessara eigna rúmir 8,6 milljarðar í árslok og vægi þeirra af eignum í ávöxtunarleiðum á bilinu 1,0% til 2,4%. Félögin eru með tryggingar sem bæta eignatjón og rekstrarstöðvun upp að ákveðnu marki.

Stjórnarháttayfirlýsing og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Stjórn og stjórnendur Almenna lífeyrissjóðsins hafa sett sér það markmið að hafa góða stjórnarhætti ávallt sér að leiðarljósi. Við mótun stjórnarháttanna hefur stjórn sjóðsins meðal annars litið til og haft til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Í stjórnarháttayfirlýsingu sem fylgir með ársreikningnum eru upplýsingar um stjórnarhætti sjóðsins og greint frá helstu stefnum sem sjóðurinn fer eftir varðandi stjórnarhætti sína. Í skýrslu um ófjárhagslega upplýsingagjöf kynnir Almenni lífeyrissjóðurinn hvernig hann metur og tekur tillit til umhverfis-, félags- og stjórnarháttanna (UFS mála) í starfsemi sinni, með áherslu á fjárfestingar.


Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju okkar er ársreikningur sjóðsins saminn í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015 og gefur glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans þann 31. desember 2024 sem og yfirliti yfir breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2024. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri sjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættu- og óvissuþáttum sem sjóðurinn stendur frammi fyrir. Frekari upplýsingar sem tengjast áhættustýringu má finna í skýringum 40–46 í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins staðfesta ársreikning sjóðsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Kópavogi, 19. mars 2025

Stjórn:



Sigríður Magnúsdóttir, stjórnarformaður


Arna Guðmundsdóttir, varaformaður



Albert Jónsson


Elva Ósk Wíium


Már Wolfgang Mixa


Þórarinn Guðnason

Framkvæmdastjóri:


Gunnar Baldvinsson

Til stjórnar og sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingarsjóðs, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2024, efnahag hans 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Almenna lífeyrissjóðnum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, höfum við ekki veitt Almenna lífeyrissjóðnum óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að

okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins árið 2024. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

• Mat á óskráðum fjárfestingum og skuldabréfum með stopul viðskipti

Verðmæti óskráðra fjárfestinga og skráðra fjárfestinga með stopul viðskipti nam 111.466 m.kr. eða um 23,4% af heildareignum þann 31. desember 2024 (98.442 m.kr. þann 31. desember 2023). Þessar eignir eru flokkaðar í gangvirðisþrepi 2 og 3 í skýringum í ársreikningi.

Á meðal ofangreindra fjárfestinga eru óskráð hlutabréf, hlutdeildarskírteini, framtakssjóðir (sjóðir umsaminlegar fjárfestingu), óskráð skuldabréf og skráð skuldabréf með stopul viðskipti. Verðmæti þessara fjárfestinga er háð mati stjórnenda, þeim forsendum sem eru notaðar og vali á útreikningsaðferð eða líkani og getur haft veruleg áhrif á niðurstöðu matsins.

Lykilatriði sem kröfðust mats voru:

- Mat á ávöxtunarkröfu óskráðra hlutabréfa
- Mat á framtíðargreiðsluflæði
- Mat á hvort markaðskrafa sé viðeigandi
- Mat á grunnkröfu skuldabréfa
- Mat á skuldaálagi skuldabréfa

Vegna þess hve matskenndur liðurinn er og vegna stærðar í efnahagsreikningi sjóðsins, teljum við mat á óskráðum fjárfestingum og skuldabréfum með stopul viðskipti vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

► Viðbrögð endurskoðenda

Lögð var áhersla á m.a. eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þessu lykilatriði:

- Ferli við fjárfestingar og mat var yfirfarið.
- Eftirlitsaðgerðir við mat á skuldabréfum voru prófaðar.

- Fyrir áhættumiðað úrtak var lagt mat á aðferðafræði og forsendur óskráðra hlutabréfa, hlutdeildarskírteina og framtakssjóða og kallað var eftir stuðningsgögnum að baki verðmati og tilvist viðmiðunarviðskipta staðfest.
- Fyrir áhættumiðað úrtak skuldabréfa var lagt mat á aðferðafræði og forsendur eins og grunnkröfur, skuldaálag og mótaðilaáhættu.
- Farið var yfir flokkun óskráðra fjárfestinga í þrepaskiptingu gangvirðis.

Til viðbótar voru viðeigandi skýringar í ársreikningnum rýndar. Sjá nánar í skýringum 10, 12, 14 og 25–34

• Mat á lífeyrisskuldbindingu

Lífeyrisskuldbinding sjóðsins nam 397.796 m.kr. þann 31. desember 2024 (363.162 þann 31. desember 2023). Tryggingafræðileg staða þann 31. desember 2024 nam -2,4% þar sem skuldbindingar voru umfram eignir í árslok (-4,5% í árslok 2023). Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð út af tryggingastærðfræðingi sem er ekki starfandi hjá sjóðnum.

Lykilatriði sem kröfðust mats voru:

- Mat á sértækum lífslíkum
- Mat á sértækum örorkulíkum
- Sértækir útreikningar

Vegna þess hve flóknir útreikningarnir eru og vegna stærðar og mikilvægi fyrir sjóðinn, teljum við mat á lífeyrisskuldbindingu vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

► Viðbrögð endurskoðenda

Lögð var áhersla á m.a. eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þessu lykilatriði, með aðstoð innri tryggingastærðfræðings Deloitte eftir atvikum:

Mátum óhæði og hæfni tryggingastærðfræðings.

- Ferli við útreikninga var yfirfarið.
- Framkvæmdar voru greiningar á sértækum lífs- og örorkulíkum sem notaðar eru við útreikning við staðlaðar lífs- og örorkulíkur gefnar út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Framkvæmdar voru aðgerðir með úrtökum til að sannreyna inntaksgögn og útreikninga.
- Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir á þróun lífeyris-skuldbindingar, forsendum og niðurstöðum.
- Yfirfarnar voru næmnigreiningar með því að skoða áhrif breytinga á lykilsforsendum í líkaninu.

Til viðbótar voru viðeigandi skýringar í ársreikningnum rýndar. Sjá nánar yfirlit um tryggingafræðilega stöðu ásamt skýringum 39 og 45.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Hlutir og hlutdeildarsk. annarra sjóða um sameiginlegar fjárfestingar	10	0	20	8	0	16	4,5	0	9	8	0	16
Eignastýringaraðferðir												
Virk stýring innlendra hlutabréfa		100%			100%			100%			100%	
Virk stýring skuldabréfa		100%			100%			100%			100%	
Virk stýring erlendra hlutabréfa	30%	10%	50%	30%	10%	50%	30%	10%	50%	30%	10%	50%
Hlutlaus stýring erlendra hlutabréfa	70%	50%	90%	70%	50%	90%	70%	50%	90%	70%	50%	90%
Markmið um gjaldmiðlasamsetningu												
Eignir í erlendri mynt	59,0	35	83	49	25	60	33	13	49	49	25	60
Eignir í innlendri mynt	41,0	17	65	51	40	75	67	51	87	51	40	75
Ávöxtun og áhætta, %												
Vænt langtímaávöxtun		9,0%			8,5%			7,7%			8,6%	
Flökt ársávöxtunar		11,2%			9,0%			5,5%			9,0%	
Viðmið, %												
Skuldabréfavísitala KÍ með mt. 7 ár											24%	
Skuldabréfavísitala KÍ með mt. 6 ár		18,0%			27%							
Skuldabréfavísitala KÍ með mt. 4,5 ár								42%				
Vísitala sjóðfélagalána AL		8%			12%			19%			15%	
Erlend skuldabréfavísitala, WGBI Index		4,0%			6%			9%			6%	
Vísitala aðallista		15%			12%			6%			12%	
Heimsvísitala hlutabréfa		55%			43%			24%			43%	
Viðmið fyrir meðaltíma skuldabréfa		7,5 ár			7,5 ár			6,5 ár			9 ár	
Leyfilegur meðaltími safna		5-10 ár			5-10 ár			3-8 ár			6-11 ár	
Viðmið fyrir meðaltíma markaðsskuldabréfa		6 ár			6 ár			4,5 ár			7 ár	
Leyfilegur meðaltími markaðsskuldabréfa		4-8 ár			4-8 ár			2-7 ár			5-9 ár	

	Ríkissafn			Innlánasafn			Skuldabréfasafn			Erlent verðbréfasafn		
	Stefna	Neðri	Efri	Stefna	Neðri	Efri	Stefna	Neðri	Efri	Stefna	Neðri	Efri
Fjárfestingarstefna í %												
Skuldabréf og innlán	100	100	100	100	100	100	100	100	100	30	15	60
Innlán, laust fé		0	30	100	100	100	2	0	20	1	0	100
Með ábyrgð íslenska ríkisins	100	70	100				15	5	40			
Bæjar- og sveitarfélög							3	0	15			
Fjármálastofnanir								0	5			
Fjármálastofnanir - sértryggð skuldabréf							20	0	40			
Veðskuldabréf							25	0	90			
Önnur skuldabréf							35	0	60			
Erlend skuldabréf og lánasamningar										29	15	60
Hlutabréf og sérhæfðir sjóðir										70	40	85
Erlend hlutabréf og erlendir sérhæfðir sjóðir										70	40	85
Erlend hlutabréf										57	35	85
Hlutir og hlutdeildarsk. annarra sjóða um sameiginlegar fjárfestingar										13	0	26
Eignastýringaraðferðir												
Virk stýring skuldabréfa		100%						100%			100%	
Virk stýring erlendra hlutabréfa										30%	10%	50%
Hlutlaus stýring erlendra hlutabréfa										70%	50%	90%
Markmið um gjaldmiðlasamsetningu												
Eignir í erlendri mynt											100%	
Eignir í innlendri mynt		100%			100%			100%				
Ávöxtun og áhætta, %												
Vænt langtímaávöxtun		7,0%			6,0%			6,6%			8,3%	
Flókt ársávöxtunar		4,2%						2,0%			13,6%	
Viðmiðun, %												
Skuldabréfavísitala KÍ með mt. 5 ár		100%						75%				
Skuldabréfavísitala KÍ með mt. 2,5 ár								25%				
Vísitala sjóðfélagalána AL												
Erlend skuldabréfavísitala, WGBI Index											30%	
Meðaltal verðtryggðra vaxta á lífeyrisreikningum hjá viðskiptabönkum					100%							
Heimsvísitala hlutabréfa											70%	
Viðmiðun fyrir meðaltíma skuldabréfa		5 ár						5 ár			5 ár	
Leyfilegur meðaltími safna		3-8 ár						3-11 ár			3-8 ár	
Viðmiðun fyrir meðaltíma markaðsskuldabr.		5 ár						2,5 ár			5 ár	
Leyfilegur meðaltími markaðsskuldabréfa		3-8 ár						0-5 ár			3-8 ár	

Hér að framan er að finna fjárfestingarstefnu ávöxtunarleiðanna. Fyrri taflan sýnir fjárfestingarstefnu blandaðra safna Almenna lífeyrissjóðsins, þ.e. fjárfestingarstefnu ævisafnanna þriggja og fjárfestingarstefnu samtryggingarsjóðs.

Seinni taflan sýnir fjárfestingarstefnur annarra safna, þ.e. fjárfestingarstefnu Ríkissafns, Innlánasafns, Skuldabréfasafns og Erlends verðbréfasafns.

Í töflunum eru eftirfarandi upplýsingar:

Fjárfestingarstefna

Fremst í hverju safni kemur fram langtímamarkmið um eignasamsetningu safnsins, síðan upplýsingar um vikmörk, sem segja til um leyfileg frávik frá langtíma stefnunni.

Eignastýringaraðferðir

Að lágmarki er stefnt að því að 50% af erlendri hlutabréfaeign verði í hlutlausri stýringu. Fyrir fjárfestingar í innlendum

hlutabréfum er stýringin að öllu leyti virk. Fyrir fjárfestingar í skuldabréfum sem eru tæk til stýringar er stýringin að öllu leyti virk.

Ávöxtun og áhætta

Vænt ávöxtun og flökt ársávöxtunar taka mið af fjárfestingarstefnu hvers safns fyrir sig og byggja á væntingum um langtímaávöxtun helstu verðbréfaflokka og sögulegum gögnum um flökt og samfylgni ávöxtunar m.v. mánaðarlegar mælingar á árunum 1998 til september 2024.

Viðmiðunarvísitala

Viðmiðunarvísitala skuldabréfa fyrir Ævisöfn I og II hefur 7,5 ára meðaltíma, fyrir samtryggingarsjóð 9 ára meðaltíma og fyrir Ævisafn III 6,5 ára meðaltíma. Þessar vísitölur eru settar saman úr skuldabréfavísitölum NASDAQ OMX Iceland (Kauphallarinnar), vísitölu sjóðfélagalána AL og erlendri ríkis-

skuldabréfavísitölu, WGBI Index. Viðmiðunarvísitala fyrir innlend hlutabréf er vísitala heildarávöxtunar aðallista NASDAQ OMX Iceland (Kauphallarinnar) og fyrir erlend hlutabréf er notuð heimsvísitala MSCI.

Viðmiðunarvísitala fyrir Ríkissafn er samsett vísitala byggð á verðtryggðri og óverðtryggðri skuldabréfavísitölum NASDAQ OMX Iceland (Kauphallarinnar) með 5 ára meðaltíma. Viðmiðunarvísitala skuldabréfa fyrir Skuldabréfasafn hefur 5 ára meðaltíma og er sett saman úr skuldabréfavísitölu NASDAQ OMX Iceland (Kauphallarinnar) með 2,5 ára meðaltíma og vísitölu sjóðfélagalána AL. Viðmiðunarvísitala fyrir Erlent verðbréfasafn er sett saman úr erlendri ríkisskuldabréfavísitölu, WGBI Index og heimsvísitölu hlutabréfa MSCI. Viðmiðun fyrir Innlánasafn er meðaltal verðtryggðra vaxta á lífeyrisreikningum hjá innlendum viðskiptabönkum.

Staðfest af stjórn 11. desember 2024

Eftirlitskerfi með áhættu

Hjá Almenna lífeyrissjóðnum hefur verið mótað eftirlitskerfi með áhættu í starfsemi sjóðsins með það að markmiði að sjóðnum sé kleift að greina, meta, vakta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Eftirlitskerfið tekur til skipulags áhættustýringar og samanstendur af stefnumarkandi innri greiningum og reglum. Eftirlitskerfið samanstendur af eigin áhættumati, áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, fjárfestingarstefnu, starfsreglum, verklagsreglum, verkferlum, starfslýsingum og öðrum innri reglum sjóðsins. Nánar má lesa um áhættuþætti í starfsemi sjóðsins og skipulag áhættustýringar í skýringum nr. 40–46 með ársreikningi sjóðsins.

Hlutverk starfseininga í skipulagi áhættustýringar og eftirlits með áhættu

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að árlega fari fram eigið áhættumat vegna starfsemi sjóðsins og á grundvelli eigin áhættumats setur stjórn áhættustefnu. Framkvæmd áhættumatsins fer fram hjá stjórnendum í samvinnu og samráði við stjórn sjóðsins og á grundvelli verkferils um eigið áhættumat.

Stjórnendur sem koma að eigin áhættumati eru framkvæmdastjóri, fjárfestingarstjóri, skrifstofustjóri og áhættustjóri. Framkvæmdastjóri, fjárfestingarstjóri og skrifstofustjóri eru eigendur áhættuþátta í þeim skilningi að hjá þeim er ákvörðunarvald samkvæmt umboði stjórnar til að taka áhættu í starfsemi sjóðsins. Áhættustjóri er í forsvari fyrir starfssviði áhættustýringar og ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu í rekstri sjóðsins.

Innra eftirlit Almenna lífeyrissjóðsins er byggt upp sem þriggja línu varnakerfi til að tryggja viðeigandi áhættumenningu meðal starfsmanna og að allir starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi eftirlitskerfis.

Myndin hér til hliðar skýrir uppbyggingu þriggja línu varnakerfisins:

Fjárhagsleg áhætta

- Gjaldmiðlaáhætta
- Markaðsáhætta
- Ósamræmisáhætta
- Verðbólguáhætta
- Vaxtaáhætta
- Uppgreiðsluáhætta
- Áhætta vegna eigna utan eh.

Lífeyrisskuld- bindingaáhætta

- Skerðingaráhætta
- Lausafjáraáhætta
- Lýðfræðileg áhætta
- Umhverfisáhætta
- Iðgjaldaáhætta

Mótaðilaáhætta

- Samþjöppunaráhætta
- Landsáhætta
- Útlánaáhætta
- Hlutabréf
- Afhendingaráhætta
- Uppgjörsáhætta
- Sjálfbærniáhætta


Rekstraráhætta

- Áhætta vegna upplýsingatækni
- Áhætta vegna svika
- Áhætta vegna PFH
- Áhætta vegna útivistunar
- Frávikaáhætta
- Lagaleg áhætta
- Orðsporsáhætta
- Pólitísk áhætta
- Skjalaáhætta
- Starfsmannaáhætta
- Upplýsingaáhætta
- Áhætta tengd stjórnarháttum
- Úrskurðaráhætta lífeyris

Eigið áhættumat

Um framkvæmd eigin áhættumats hefur verið skjalfest verkferli þar sem ferlinu, aðferðafræði við matið og hlutverkum þeirra sem koma að matinu er lýst. Við framkvæmd eigin áhættumats er lagt mat á líkindi þess að atburðir þróist á þann veg að viðkomandi áhætta raungerist og mat á áhrifum þess á eignir og skuldbindingar sjóðsins. Líkindum og afleiðingum eru gefnar tölur á bilinu 1–4, samanlagðar tölurnar segja til um hvert heildarmat viðkom-

andi áhættu er fyrir sjóðinn, þ.e. líkindin á að áhætta raungerist og hversu mikil fjárhagsleg áhrif það gæti haft fyrir sjóðinn. Sjóðurinn hefur skilgreint fjóra meginflokka áhættu í starfsemi sjóðsins og 32 undirflokka áhættu sem sjá má í töflunni hér að ofan. Taflan sýnir einnig niðurstöður eigin áhættumats í nóvember 2024 þar sem grænn hringur tákna litla áhættu, gulur miðlungs áhættu og rauður mikla áhættu. Veigameiri áhættuþættir eru skilgreindir í eigin áhættumati með miðlungs- eða mikla áhættu.



Áhættustefna

Stjórn hefur sett sjóðnum áhættustefnu með það að markmiði að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Áhættustefna er stefna stjórnar um áhættutöku, áhættuvilja og áhættuþol í starfsemi sjóðsins vegna veigameiri áhættuþætti og hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra áhættu. Áhættustefnan byggir á framkvæmd og niðurstöðum eigin áhættumats sem og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Í stefnunni er fjallað um einstaka áhættuþætti, þeir skilgreindir og gerð er grein fyrir hvernig þeir eru metnir, mældir og víkmörk einstakra áhættuþátta eru tilgreind.

Áhættustýringarstefna

Áhættustýringarstefna er sett með hliðsjón af eigin áhættumati, áhættustefnu og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Áhættustýringarstefna er lýsing á skipulagi áhættustýringar, hlutverkum starfseininga í skipulagi áhættustýringar, lýsing á áhættueftirliti og aðferðum sem sjóðurinn styðst við í mati á þeim áhættuþáttum sem áhættustefna sjóðsins nær til.

Áhættueftirlit og eftirfylgni

Áhættueftirlit samkvæmt áhættustýringarstefnu fer fram með reglulegum og tímasettum úttektum eða eftirlits-

aðgerðum. Áhættustjóri fylgist með dagskrá eftirlitsaðgerða og skráðum eftirlitsaðgerðum og skoðar hvort niðurstöður séu innan viðmiða fyrir viðkomandi áhættu. Áhættustýring sinnir daglegu eftirliti með fylgni sjóðsins við fjárfestingarstefnu og/eða fjárfestingarheimildir. Skýrslur áhættustýringar um framvindu áhættueftirlits og niðurstöður eftirlitsaðgerða eru jafnan yfirfarnar mánaðarlega af stjórnendum sjóðsins og jafnframt eru skýrslurnar birtar stjórn og endurskoðunarnefnd á lokuðum vef sjóðsins.

Stjórnarháttayfirlýsing 2025

Stjórn og stjórnendur Almenna lífeyrissjóðsins hafa sett sér það markmið að hafa ávallt góða stjórnarhætti að leiðarljósi. Með stjórnarháttayfirlýsingu þessari eru uppfylltar þær kröfur sem koma fram í 51. gr. reglna nr. 335/2015, um ársreikninga lífeyrissjóða. Við mótun stjórnarháttanna hefur stjórn sjóðsins litið til og haft til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins (6. útgáfa). Sjóðurinn vikur þó að hluta frá leiðbeiningunum einkum þar sem efnistöð eiga ekki við um lífeyrissjóði, til að mynda atriði sem varða hluthafafundi og hluthafa. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á www.leidbeiningar.is.

Grundvöllur sjóðsins og hlutverk

Almenni lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt samþykktum sjóðsins, lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (hér eftir „lög um lífeyrissjóði“) og öðrum reglum sem um lífeyrissjóði gilda. Almenni lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og hefur starfsleyfi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Sjóðurinn er öllum opinn en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, hljómlistarmanna og tæknifræðinga.

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að tryggja sjóðfélögum sínum sem hæstan lífeyri við starfslok, veita sjóðfélögum tryggingarvernd vegna tekjumissis í kjölfar örorku og stuðla að auknu fjárhagslegu öryggi aðstandenda við andlát. Sjóðurinn tileinkar sér ábyrga starfshætti og stefnir að því að vera í fararbroddi í upplýsingagjöf, þjónustu og nýjungum í lífeyrismálum.

Almenni lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir. Stjórn sjóðsins hefur sett sérstaka fjárfestingarstefnu sem hefur það markmið að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem fylgir fjárfestingum, þá hefur sjóðurinn sett sérstaka stefnu um ábyrgar fjárfestingar.

Lög, reglugerðir, reglur og leiðbeiningar sem sérstaklega varða stjórnarhætti

Í neðangreindum lista er að finna yfirlit yfir lög, stjórnvaldsreglur, leiðbeinandi tilmæli og innri reglur sem sérstaklega varða stjórnarhætti. Listinn er hér fyrst og fremst settur fram til upplýsinga og er því ekki um tæmandi talningu að ræða. Rétt er að geta þess að nánara yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar reglur er m.a. að finna á heimasíðu fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir „FME“), www.fme.is, og upplýsingar um innri reglur og stefnur sjóðsins er að finna á heimasíðu hans, www.almenni.is.

Lög

- Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- Lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Reglugerðir, með tilheyrandi breytingarreglugerðum

- Reglugerð nr. 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- Reglugerð nr. 590/2017, um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.
- Reglugerð nr. 698/1998, um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrisparnaðar og viðbótartryggingarvernd.

Reglur og leiðbeiningar FME

- Reglur FME nr. 335/2015, um ársreikninga lífeyrissjóða.
- Reglur FME nr. 180/2013, um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða.
- Reglur FME nr. 577/2012, um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila.
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2010, um mat á hæfi lykilstarfsmanna.

Innri reglur Almenna lífeyrissjóðsins

- Samþykktir.
- Starfsreglur stjórnar.

- Siðareglur stjórnar.
- Viðskipti sjóðsins, starfsmanna og stjórnar.
- Fjárfestingarstefna.
- Stefna um ábyrgar fjárfestingar.
- Áhættustefna.
- Eftirlitskerfi með áhættu.
- Eigendastefna.
- Starfsreglur framkvæmdastjóra.
- Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna.
- Starfsreglur endurskoðunarnefndar.
- Starfskjarastefna.
- Persónuverndarstefna.
- Reglur um skipan kjörnefndar og framkvæmd stjórnarkjörs.
- Stefna Almenna lífeyrissjóðsins um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.
- Útvistunarstefna.

Stefna um samfélagslega ábyrgð og siðferðisviðmið

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins hefur samþykkt stefnu um ábyrgar fjárfestingar og með hvaða hætti hann fylgir henni eftir. Sjóðurinn telur mikilvægt að félög sem hann á eignarhlut í móti sér stefnu um umhverfismál og samfélagslega ábyrgð. Sjóðurinn fylgir eftir stefnu um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar með því að tilgreina sérstaklega á minnisblöðum, við mat á fjárfestingarkostum, hvort og hvaða stefnu útgefandi verðbréfa hefur um umhverfismál, samfélagslega ábyrgð og stjórnarhætti. Það á einnig við um fjárfestingu í innlendum og erlendum sjóðum en þá er kannað hvort rekstraraðili hafi mótað stefnu um ábyrgar fjárfestingar og taki tillit til hennar við val á fjárfestingum. Starfsmenn hafa í sameiningu skilgreint neðangreind gildi til að hafa sem leiðarljós í störfum fyrir lífeyrissjóðinn og sjóðfélaga hans.

Heilindi

Við virðum það sem okkur er treyst fyrir.

Við virðum hvert annað.

Við gætum jafnræðis.

Við leitumst við að koma hreint fram, erum opin og einlæg í samskiptum.

Framsækni

Við keppum stöðugt að framförum.

Við erum opin fyrir breytingum og leitum lausna sem bæta hag sjóðfélaga.

Við ætlum að vera áfram í fararbroddi í lífeyrismálum.

Fagmennska

Við vöndum okkur við öll störf og vinnum faglega.

Við vinnum sem ein heild að okkar markmiðum – samvinna styrkir heildina.

Við veitum góða upplýsingagjöf.

Almenni hefur gott orðspor – okkur þykir vænt um það.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt starfsreglur stjórnar og sett sér síðareglur. Starfsmenn sjóðsins hafa einnig samþykkt síðareglur. Þá hefur sjóðurinn sett stefnu um ráðstafanir sem vinna eiga gegn hagsmunaaðrekstrum í starfsemi sjóðsins. Markmið reglnanna er að þeir sem starfa fyrir sjóðinn sýni gott fordæmi í störfum sínum og geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að hafa umsjón með fjármunum sem eru í eigu sjóðfélaga. Reglunum er ætlað að styðja við vönduð vinnubrögð, draga úr hættu á hagsmunaaðrekstrum og auka öryggi í meðferð fjármuna sjóðsins. Í þeim er meðal annars fjallað um góða starfshætti, hagsmunaaðrekstra, fríðindi og meðferð trúnaðarupplýsinga.

Eigendastefna

Stjórn hefur samþykkt eigendastefnu sem er stefnulýsing um það hvernig lífeyrissjóðurinn beitir sér sem hluthafi í félögum sem hann á verulegan eignarhlut í þ.e. 5% eða hærri eignarhlut í einstöku félagi eða þar sem lífeyrissjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags.

Nýti sjóðurinn atkvæðarétt sinn á hluthafafundum í félögum þar sem hann á minni hagsmuna að gæta hefur hann stefnuna að leiðarljósi.

Í eigendastefnunni er meðal annars fjallað um samskipti við fyrirtæki, stjórnarhætti, hluthafafundi, stjórnarkjör, starfskjör og hvatakerfi. Í stefnunni er kveðið á um sérstaka valnefnd sem velur hvernig sjóður ráðstafar atkvæðum sínum í stjórnarkjöri. Í valnefnd sitja tveir aðilar tilnefndir af stjórn og framkvæmdastjóri eða fjárfestingarstjóri.

Starfskjarastefna

Markmið starfskjarastefnu er að stuðla að árangursríkum rekstri sjóðsins til langs tíma og úrvals þjónustu við sjóðfélaga. Stefnit er að því að búa til starfsumhverfi sem er hvetjandi til þess að sjóðfélagar gefi kost á sér til stjórnarstarfa og að sjóðurinn hafi yfir að ráða hæfu og vel þjálfuðu starfsfólki. Sjóðurinn vill bjóða stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum sjóðsins samkeppnishæf kjör og starfsumhverfi á við það sem býðst í hliðstæðum störfum hér á landi þannig að starfskjör séu hvetjandi og styðji við rekstrar- og þjónustumarkmið sjóðsins. Í stefnunni er lögð áhersla á endurmenntun, samkeppnishæf starfskjör, góðan aðgang að stjórnendum, tiltekinn vinnutíma, jafnvægi á milli vinnu og einkalífs, sveigjanleg starfslok vegna aldurs, ákveðna starfslýsingu og ábendingarkerfi fyrir starfsmenn sjóðsins.

Stjórnskipulag Almenna lífeyrissjóðsins

Stjórn

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans og fjallar um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún tekur stefnumarkandi ákvarðanir, er varða hag og starfsemi sjóðsins og mótar innra eftirlit lífeyrissjóðsins. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna og hefur einnig sett sér starfsreglur þar sem hlutverk hennar er skilgreint ítarlega. Í starfsreglum stjórnar er meðal annars fjallað um verksvið, málsvara, stjórnarfundi, ákvörðunar-

vald, fundargerðir, þagnar- og trúnaðarskyldu og vanhæfi. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

Meðal verkefna stjórnar er að setja reglur sem kveða m.a. á um upplýsingagjöf til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Jafnframt setur stjórn verklagsreglu um verðbrefaviðskipti sjóðsins, stjórnar og starfsmanna. Auk þess mótar og setur stjórn fjárfestingarstefnu og áhættustefnu sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er skipuð sex sjóðfélögum sem kjörnir eru með meirihlutakosningu í rafrænum kosningum fyrir ársfund sjóðsins. Niðurstöður kosninga eru kynntar á ársfundi og eru stjórnarmenn kjörnir til þriggja ára í senn og skal stjórnin skipuð þremur einstaklingum af hvoru kyni. Varamenn í stjórn eru þrír sjóðfélagar og skal hvort kyn eiga minnst einn fulltrúa. Stjórnin framkvæmir að lágmarki á tveggja ára fresti mat á störfum sínum, verklagi og starfsháttum, sem og frammistöðu undirnefnda, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra. Stjórnin skal leita leiða til að bæta úr verklagi í samræmi við niðurstöður matsins.

Stjórnarmenn sjóðsins eru kosnir af sjóðfélögum og geta allir sjóðfélagar boðið sig fram til stjórnarsetu. Ekki eru sérstakar reglur um fjölbreytileika í stjórn sjóðsins, að öðru leyti en að kynjahlutföll skulu vera jöfn. Stjórnarmenn eru kjörnir af sjóðfélögum í rafrænu stjórnarkjöri í aðdraganda ársfundar. Allir sjóðfélagar geta boðið sig fram til stjórnar sjóðsins, enda uppfylli viðkomandi hæfisskilyrði 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Með þessu vill sjóðurinn stuðla að virku sjóðfélagalýðræði.

Á árinu 2024 voru haldnir 13 stjórnarfundir, þar af 9 frá síðasta ársfundi. Stjórn var ákvörðunarþær í öllum tilvikum. Á árinu 2025 hafa auk þess verið haldnir 4 stjórnarfundir, stjórn var ákvörðunarþær í öllum tilvikum.

Varamenn eru boðaðir í forföllum aðalmanna og á tvo fundi á ári.

Aðalmenn í stjórn:

Sigríður Magnúsdóttir, formaður
Arna Guðmundsdóttir, varaformaður
Elva Ósk Wiium
Þórarinn Guðnason
Már Wolfgang Mixa
Albert Þór Jónsson

Varamenn í stjórn

Frosti Sigurjónsson
Lára Jónasdóttir

Nánari upplýsingar um stjórnarmenn, svo sem fundarsókn og hagsmunatengsl, er að finna í rafrænni útgáfu af stjórnarháttayfirlýsingunni á heimasíðu sjóðsins.

Framkvæmdastjóri

Stjórni sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör, veitir honum prókúruumboð og setur honum starfsreglur sem eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykktu sjóðsins og þeirri stefnu og fyrimælum, sem stjórn hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Gunnar Baldvinsson.

- Menntun: Viðskiptafræðipróf frá Háskóla Íslands árið 1985, MBA frá University of Rochester árið 1988 og próf í verðbréfavíðskiptum árið 1994.
- Starfsferill: Framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins frá 1990.
- Seta í stjórn: Engin.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Engin.
- Sjóðfélagi í Almenna lífeyrissjóðnum: Já

Framkvæmdastjóri boðar vikulega svokallaða rekstrarfundu með helstu stjórnendum sem eru auk framkvæmdastjóra, Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, Sigríður Ómars-

dóttir, skrifstofustjóri, Helga Indriðadóttir, sjóðstjóri, Helgi Pétur Magnússon, lögmaður sjóðsins og Sigurður Örn Karlsson, áhættustjóri.

Ársfundur

Stjórn sjóðsins boðar til ársfundar sjóðfélaga einu sinni á ári, að jafnaði í mars eða apríl en ekki síðar en fyrir lok júní mánaðar. Á ársfundi skal stjórn sjóðsins gefa skýrslu um störf sín á liðnu starfsári og um hag sjóðsins. Dagskrá ársfundar skal innihalda eftirfarandi dagskráliði: (1) skýrsla stjórnar; (2) staðfesting ársreiknings liðins starfsárs og kynning á tryggingarfræðilegu uppgjöri samtryggingarsjóðs; (3) kynning á fjárfestingarstefnu; (4) tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins (ef þær liggja fyrir); (5) kosning stjórnar; (6) kosning endurskoðanda og endurskoðunarfélags; (7) ákvörðun um laun stjórnar; og (8) önnur mál. Nánar er fjallað um stjórnskipulag sjóðsins í samþykktum hans sem og í lögum um lífeyrissjóði.

Endurskoðun

Stjórn annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Endurskoðunarnefnd Almenna lífeyrissjóðsins gerir tillögu til stjórnar um val á ytri og innri endurskoðanda sjóðsins. Ytri endurskoðandi er kosinn á ársfundi sjóðsins. Stjórn ræður innri endurskoðanda. Skipulag innri endurskoðunar tekur mið af reglum FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða. Endurskoðun sjóðsins og innri endurskoðun eru í höndum aðskilinna endurskoðunarfyrirtækja.

Ytri endurskoðandi sjóðsins er endurskoðunarfyrirtækið Deloitte og innri endurskoðandi er endurskoðunarfyrirtækið Grant Thornton.

Tryggingastærðfræðingur

Í samræmi við 39. gr. laga um lífeyrissjóði og reglugerð nr. 391/1998, er árlega framkvæmd tryggingafræðileg athugun á starfsemi sjóðsins sem er ætlað að leggja

annars vegar mat á áfallnar skuldbindingar sjóðsins og væntrar framtíðarskuldbindingar og hins vegar á núverandi eignasafn, vænt iðgjöld og ávöxtun. Stjórn semur við lög-giltan tryggingarstærðfræðing sem framkvæmir athugunina. Núverandi tryggingastærðfræðingur er Benedikt Jóhannes-son hjá Talnakönnun hf.

Undirnefnd stjórnar – Endurskoðunarnefnd

Samkvæmt grein 6.5 í samþykktum sjóðsins skal stjórn sjóðsins skipa árlega sérstaka endurskoðunarnefnd.

Nefndina skipa:

Helga Harðardóttir, formaður nefndarinnar. Helga er endurskoðandi og hefur áralanga reynslu sem slík.

Þórarinn Guðnason, stjórnarmaður í sjóðnum frá 2022.

Eiríkur Þorbjörnsson. Eiríkur sat um árabíl í aðalstjórn sjóðsins og síðar í varastjórn.

Frosti Sigurjónsson er varamaður endurskoðunarnefndarinnar og varamaður í stjórn frá 2022.

Áhættustjóri Almenna lífeyrissjóðsins er ritari nefndarinnar.

Hlutverk endurskoðunarnefndar er eftirfarandi:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og eftir atvikum veita ráðleggingar eða leggja fram tillögur að umbótum við ferlið til að tryggja gæði.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtækis.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki

Á árinu 2024 hélt endurskoðunarnefnd 9 fundu, þar af 6 frá síðasta ársfundi, og 3 fundir hafa verið haldnir það sem af er árinu 2025. Starfsreglur endurskoðunarnefndar eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

Undirnefnd stjórnar – kjörnefnd

Samkvæmt grein 5.1. í samþykktum sjóðsins skal stjórn sjóðsins skipa þriggja manna kjörnefnd í lok desembermánaðar ár hvert..

Kjörnefnd skipa:

Ólafur H. Jónsson, formaður nefndarinnar. Ólafur er byggingartæknifræðingur og sat í aðalstjórn sjóðsins frá 2014 til 2023, var formaður hennar 2016–2021, og sat í endurskoðunarnefnd sjóðsins frá 2009–2016.

Ingvar Júlíus Baldursson, rafmagnstæknifræðingur sem starfar hjá Eflu. Ingvar sat í stjórn sjóðsins 2003–2004 og 2012–14. hefur áður setið í aðalstjórn sjóðsins.

Lára V. Júlíusdóttir, lögmaður hjá Lögmonnum Laugavegi 3.

Ólafur, Ingvar og Lára hafa setið í kjörnefnd sjóðsins frá 2021.

Fyrsti fundur kjörnefndar vegna rafræns stjórnarkjörs 2024 var haldinn 14. desember 2023, en nefndin fundaði í heild 6 sinnum. Nú þegar hafa verið haldnir 4 fundir vegna rafræns stjórnarkjörs 2025.

Áhættustýring og innra eftirlit

Áhættustýring

Til samræmis við reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða hefur verið mótað eftirlitskerfi með það að markmiði að sjóðnum sé kleift að greina, meta, vakta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins, þar sem því verður við komið. Eftirlitskerfið grundvallast á lagafyrirmælum, reglugerðum, leiðbeinandi tilmælum FME og stefnumótun sjóðsins. Eftirlitskerfið samanstendur af eigin áhættumati, áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, fjárfestingarstefnu, starfsreglum, verklagsreglum, verkferlum, starfslýsingum og öðrum innri reglum sjóðsins.

Áhættustjóri er ábyrgðaraðili áhættustýringar og veitir starfssviði áhættustýringar forstöðu, starfssviðið heyrir undir framkvæmdastjóra en áhættustjóri hefur milliliðalausan aðgang að stjórn sjóðsins og er jafnframt ritari endurskoðunarnefndar. Áhættustjóri ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu í rekstri sjóðsins.

Nánari upplýsingar um áhættustýringu er að finna í árskýrslu og í skýringum í ársreikningi.

Innra eftirlit

Meginmarkmið með innra eftirliti Almenna lífeyrissjóðsins er að stuðla að því að lífeyrissjóðurinn nái settum markmiðum í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum. Innra eftirlit styður við eftirfarandi markmið:

- Árangur og skilvirkni í starfseminni
- Réttar fjárhags- og ófjárhagslegar upplýsingar
- Hlítni við lög og reglur

Innra eftirlit sjóðsins greinist í fimm meginþætti sem eiga að stuðla að því að lífeyrissjóðurinn nái markmiðum sínum;

- Eftirlitsumhverfi
- Áhættumat
- Eftirlitsaðgerðir
- Upplýsingar og samskipti
- Stjórnendaeftirlit

Uppbygging innra eftirlits byggir á þremur varnarlinum.

1. varnarlína: Stjórnendur og starfsmenn rekstrareininga mynda fyrstu varnarlínu, en þeim ber að tryggja að áhættustjórnun og innra eftirlit sé órjúfanlegur hluti af daglegri starfsemi lífeyrissjóðs. Hlutverk fyrstu varnarlínu er að móta innra eftirlitskerfi sjóðsins og tryggja fylgni við stefnur og reglur.

2. varnarlína: Sérstakar eftirlitseiningar, svo sem regluvarsla, áhættustýring og tryggingastærðfræðingur, mynda aðra varnarlínu, en hlutverk þeirra er að vera ráðgefandi um mótun innra eftirlitskerfis sjóðsins og styðja við innleiðingu á samþykktum stefnum og reglum. Þá skal önnur varnarlína meta virkni þeirra úrræða sem innleidd hafa verið í innra eftirliti fyrstu varnarlínu.

3. varnarlína: Óháðir úttektaraðilar eins og t.d. innri endurskoðun myndar þriðju varnarlínu. Hlutverk hennar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu á starfsemi lífeyrissjóðsins og ráðgjöf sem miðar að því að bæta starfsemi sjóðsins. Þriðja varnarlínan fer yfir og kannar virkni bæði fyrstu og annarrar varnarlínu. Hún á einnig að veita ráðgjöf um það sem betur má fara og þannig leggja mat á og efla virkni áhættustjórnunar, eftirlitsaðgerða og stjórnarháttu lífeyrissjóðsins.

Verkferlar hafa verið skjalfestir fyrir öll helstu verkefni við rekstur sjóðsins til að auka áreiðanleika. Verkferlar eru uppfærðir jafnóðum og breytinga er þörf og árlega eru allir verkferlar yfirfarnir og endurskoðaðir í verkferlanefnd sem staðfestir breytingar. Verkferlanefnd er skipuð framkvæmdastjóra, skrifstofustjóra, fjárfestingarstjóra og áhættustjóra lífeyrissjóðsins. Áhættustjóri sjóðsins er ritari nefndarinnar. Þá hefur sjóðurinn sett sér reglur um notkun ábendingakerfis fyrir starfsmenn til að koma á framfæri nafnlausum ábendingum til innri endurskoðenda sjóðsins um alvarlega vanrækslu eða misferli í starfsemi sjóðsins.

Staðfesting stjórnar

Stjórn sjóðsins hefur sett saman stjórnarháttayfirlýsingu þessa eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita sem bestar upplýsingar um stjórnarhætti sjóðsins til sjóðfélaga, eftirlitsaðila og annarra aðila.

Samþykkt af stjórn Almenna lífeyrissjóðsins 19. mars 2025.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf samkvæmt 66. gr. d í lögum um ársreikninga

Almenni lífeyrissjóðurinn telst til eininga tengdum almannahagsmunum eins og hugtakið er skilgreint í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum. Á grundvelli 66. gr. d. laga nr. 3/2006 ber þessum einingum að láta fylgja með skýrslu stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif sjóðsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gerð grein fyrir stefnu sjóðsins í mannréttindamálum og hvernig sjóðurinn spornar við spillingar- og mútumálum. Almenni lífeyrissjóðurinn lítur til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarháttanna (UFS mála) í starfsemi sinni en tekur tillit til umfangs reksturs við framkvæmd og stýringu. Sjóðurinn setur hér fram ófjárhagslegar upplýsingar og leggur áherslu á þann hluta starfsemi sjóðsins sem lítur að fjárfestingum hans.

Sjóðurinn vinnur að því að yfirfara ófjárhagslega upplýsingagjöf í takt við viðeigandi regluverk og mun fylgja eftir lögum og reglum og bregðast við auknum kröfum eftir því sem við á.

Viðskiptalíkan

Almenni lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt samþykktum sjóðsins, lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og öðrum reglum sem um lífeyrissjóði gilda. Almenni lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og hefur starfsleyfi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Sjóðurinn er öllum opin en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, hljómlistarmanna og tæknifræðinga.

Hlutverk lífeyrissjóðs er að taka við iðgjöldum sjóðfélaga, ávaxta þau í samræmi við samþykktir og opinberar reglur og greiða lífeyri til sjóðfélaga í starfslok eða fyrr ef sjóðfélagar verða óvinnufærir eða til aðstandenda þeirra við fráfall sjóðfélaga. Í Almenna lífeyrissjóðnum er lágmarksíðgjald greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð en þannig safnast upp

hagstæð lífeyrisréttindi og séreign sem skapar sveigjanleika. Inneign í séreignarsjóði er laus til útborgunar við 60 ára aldur og geta sjóðfélagar ráðið hvort þeir taka inneignina út í einu lagi eða dreifa úttektinni á lengri tíma. Inneignin erfist við fráfall og eykur það fjárhagslegt öryggi aðstandenda.

Almenni lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir og er meginmarkmið sjóðsins að ávaxta fé sjóðfélaga á hagkvæman hátt í samræmi við fjárfestingarstefnu á hverjum tíma. Markmiðið er að tryggja sjóðfélögum sem hæstan lífeyri við starfslok. Sjóðurinn tileinkar sér ábyrgja starfshætti og stefnir að því að vera í fararbroddi í upplýsingagjöf, þjónustu og nýjungum í lífeyrismálum.

Áreiðanleikakönnunarferli við fjárfestingar sjóðsins

Sjóðurinn starfar eftir stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem birt er á heimasíðu sjóðsins ásamt því að sjóðurinn hefur sett fram upplýsingar á heimasíðu sinni um það hvernig sjóðurinn samþættir sjálfbærniáhættu í fjárfestingarákvörðunarferli sjóðsins í samræmi við 3. gr. reglugerðar ESB nr. 2019/2088. Við mat á fjárfestingarkostum í fjárfestingarferli lífeyrissjóðsins er stefna útgefanda verðbréfa í UFS málum greind sérstaklega og jafnframt er horft til greininga á umhverfisáhrifum fjárfestinga, að því marki sem slíkar upplýsingar eru til staðar og aðgengilegar lífeyrissjóðnum á hverjum tíma. Slík könnun og greining er hluti af heildaráhættumati á einstökum fjárfestingarkostum og þar með hluti af eign- og áhættustýringu sjóðsins. Það sama á við um fjárfestingar í innlendum og erlendum sjóðum, en þá er hluti af mati lífeyrissjóðsins að greina stefnu rekstraradila í ábyrgum fjárfestingum og jafnframt að kanna stefnu viðkomandi sjóðs, hvort og þá hvernig sjálfbærni er samþætt í fjárfestingarferli.

Eigendastefna Almenna lífeyrissjóðsins er stefnulýsing um það hvernig lífeyrissjóðurinn beitir sér sem hluthafi í félögum sem hann á verulegan eignarhlut í, þ.e. 5% eða hærri beinan eignahlut í einstöku félagi eða þar sem lífeyrissjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags. Stefna um

ábyrgar fjárfestingar og eigendastefna marka siðferðisleg viðmið Almenna lífeyrissjóðsins í fjárfestingum.

Mannauðs- og samfélagsleg mál

Almenni lífeyrissjóðurinn leggur ríka áherslu á að skapa starfsfólki sínu gott vinnuumhverfi þar sem boðið er upp á góða vinnuástöðu. Sjóðurinn hefur sett sér starfskjarastefnu með það að markmiði að stuðla að árangursríkum rekstri sjóðsins til langs tíma og stuðla að úrvals þjónustu fyrir sjóðfélaga. Stefnt er að því að búa til starfsumhverfi sem er hvetjandi fyrir sjóðfélaga að gefa kost á sér til stjórnarstarfa og að sjóðurinn hafi yfir að ráða hæfu og vel þjálfuðu starfsfólki. Sjóðurinn stefnir að fjölbreytileika í samsetningu starfsmanna hvað varðar menntun og faglegan bakgrunn, aldur, kyn, þekkingu, reynslu og færni. Það er stefna sjóðsins að bjóða stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum sjóðsins samkeppnishæf kjör og starfsumhverfi á við það sem býðst í hliðstæðum störfum hér á landi og að laun taki mið af færni, ábyrgð, reynslu og þekkingu óháð kyni, kynþætti eða trúarskoðun. Sjóðurinn hefur ekki látið framkvæma jafnlaunaúttekt, þar sem fjöldi starfsmanna er undir þeim viðmiðum sem krefjast slíkrar úttektar.

Sjóðurinn hefur sett sér sérstaka fræðslustefnu með það að markmiði að starfsfólk fái tækifæri til að þroskast í starfi, tileinka sér nýja hæfni og efla þekkingu innan vinnustaðarins. Þannig er stefnt að því að starfsfólk viðhaldi og auki þekkingu sína til að auka hæfni í starfi og til að geta ávallt veitt bestu þjónustu sem völ er á. Fræðsluáætlun er í gildi og er hún uppfærð að minnsta kosti einu sinni á ári eða eftir þörfum. Sjóðurinn skipuleggur reglulega starfsmannasamtöl og kannar þannig markvisst líðan starfsfólks á vinnustað.

Starfsfólk er styrkt til heilsuræktar í formi líkamsræktarstyrks og þá stendur starfsfólki árlega til boða að fá inflúensubólusetningu. Þá leitast sjóðurinn við búa starfsmannafélagi góða umgjörð með það að markmiðið að auka vellíðan og ánægju starfsfólks.

Starfsmenn eiga rétt til starfsmannasamtals a.m.k. einu sinni á ári og hafa greiðan aðgang að framkvæmdastjóra og öðrum stjórnendum til að ræða bæði vinnutengd og persónuleg mál. Sjóðurinn hefur ekki farið í heildarvinnustaðagreiningar en metur þörf fyrir slíku hverju sinni.

Mannréttinda-, spillingar- og mútumál

Almenni lífeyrisjóðurinn er ekki með formlega mannréttinda-stefnu en virðir almenn mannréttindi og rétt allra til félaga-frelsis og kjarasamnings. Sjóðurinn fer að lögum og reglum í mannréttindamálum.

Við ákvarðanir sjóðsins er litið til þess hvort félag sem átt er í viðskiptum við eða fjárfest í fari að lögum og reglum, virði

kjarasamninga og aðra samninga um réttindi starfsfólks, og litið til þess hvort viðkomandi fyrirtæki móti og fylgi eftir stefnu um UFS mál. Sjóðurinn leitast við að mannréttindi séu virt í undirliggjandi eignum þ.m.t. varðandi það að ekki séu þar stunduð nauðungar-, þrælkunar- og/eða barnavinna.

Lífeyrissjóðnum ber að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að starfsemi sjóðsins sé notuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka samkvæmt lögum nr. 140/2018 og vinnur samkvæmt skráðum ferlum og leiðbeiningum til að koma í veg fyrir slíkt og leggur sérstaka áherslu á eftirlit með innborgunum inn á lán hjá sjóðnum. Þá við-hefur sjóðurinn eftirlit með viðskiptavinum sjóðsins og því hvort þeir komi fram á þvingunarlistum og getur á grund-

velli þess gripið til frystinga fjármuna viðskiptavina.

Til að vinna gegn spillingu hefur stjórn sjóðsins t.a.m. sett stjórn starfs- og siðareglur, sérstakar starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra, siðareglur starfsmanna, verklagsreglu um viðskipti sjóðsins, starfsmanna og stjórnar o.fl. Þá hefur sjóðurinn sett sér stefnu um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum og verklagsreglu um hæfi lykilstjórnenda.

Góðgerðarmál

Lífeyrissjóðum er óheimilt að inna af hendi fjárframlög í öðrum tilgangi en er lúta að starfsemi lífeyrissjóða samkvæmt lögum sem gilda um starfsemi þeirra. Sjóðurinn veitir því ekki framlög til góðgerðarmála.